# Stöðuskýrsla Norðaustursvæðis

## Töluleg samantekt

### Febrúar 2010

20/20 SÓKNARÁÆTLUN Stöðuskýrsla Norðaustursvæðis

Tekið saman af
expectus

# Inngangur

Ágæti viðtakandi,

Þú hefur verið valin(n) til að taka þátt í Þjóðfundi á Norðaustursvæði sem haldinn verður laugardaginn 27. febrúar næstkomandi. Í þessari samantekt er ýmis opinber fróðleikur um Norðaustursvæði sem getur nýst vel í þeirri vinnu sem framundan er.

Í Sóknaráætlun 20/20 er markmiðið að skapa nýja sókn í atvinnulífi og móta framtíðarsýn um betra samfélag. Samfélag sem mun skipa sér í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og sönnum lífsgæðum. Einnig er leitast við draga fram styrkleika og sóknarfæri hvers svæðis og gera tillögur og áætlanir á grunni þeirra. Þá verður leitast við að forgangsraða fjármunum, nýta auðlindir og virkja mannauð þjóðarinnar til að vinna gegn fólksflótta og leggja grunn að velsæld.

Samkeppnishæfni stuðlar að hagsæld þjóða og svæða. Það er framleiðni eða verðmætasköpun sem byggist á vinnuframlagi einstaklinga, tækjum og/eða annars konar auðlindum. Aukin framleiðni hefur jákvæð áhrif á hagsæld svæðis eða þjóðar.

Við skilgreiningu á árangri með aukinni samkeppnishæfni þjóða er gjarnan horft til frammistöðu í þremur meginflokkum, en þeir eru; hagsæld, umhverfi og lífsgæði/jöfnuður.

Í þessari samantekt er yfirlit yfir helstu vísa sem notaðir eru til að mæla samkeppnishæfni þjóða með aðlögun sem hentar til að meta stöðu einstakra svæða. Staða Norðaustursvæðis er síðan mátuð við þá.

Norðaustursvæði er skilgreint sem svæðið frá Siglufirði að enda Langanesbyggðar í austri.

Úr skilgreiningu sóknarsvæða:

Á Norðausturlandi er Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið áberandi sterk miðja. Á Eyjafjarðarsvæðinu búa 24.000 manns og um 5.000 manns austan Eyjafjarðar. Svæðið í heild hefur því tæplega 30.000 íbúa og þar með alla burði til þess að verða öflugt. Svæðið ætti einnig að geta verið styrkur fyrir nálæg fámennari svæði, þ.e. Austursvæði og Norðvestursvæði. Lagt er til að Langanesbyggð og sveitarfélögin þar fyrir vestan tilheyri Norðaustursvæði, sem er í samræmi við vilja íbúanna, hefðir og fyrirsjáanlegar samgöngubætur munu tengja sveitarfélögin frekar Norðaustursvæðinu en Austursvæðinu.

Algengt er að tölfræði sé skipt niður á kjördæmi. Í þeim tilfellum er „Norðurland eystra“ eða „Norðausturland“ notað um gömlu kjördæmaskipunina sem nær frá Ólafsfirði í vestri til Langaness í austri og hugtakið „Norðausturkjördæmi“ notað um nýju kjördæmaskipunina og á það við svæðið frá Siglufirði að Djúpavogi.

Í nokkrum opinberum gögnum til dæmis varðandi vaxtarsamning er „Norðausturland“ notað um Þingeyjarsýslur eða svæðið austan Vaðlaheiðar.

# Efnisyfirlit

Inngangur ......................................................................................................3

Efnisyfirlit .....................................................................................................4

Norðausturland (Úr skýrslu Byggðastofnunar um byggðaþróun 2010-2013).....5

1 Helstu niðurstöður ........................................................................................6

2 Hagsæld.........................................................................................................7

3 Umhverfi ........................................................................................................8

4 Lífsgæði og jöfnuður ....................................................................................12

5 Vinnumarkaður ............................................................................................20

6 Grunn- og leikskólar .....................................................................................27

7 Framhaldsskólar ...........................................................................................33

8 Háskólar .......................................................................................................35

9 Opinberar rannsóknir ...................................................................................38

10 Nýsköpun í fyrirtækjum ..............................................................................39

11 Frumkvöðlar ...............................................................................................43

12 Virkni opinberrar þjónustu..........................................................................44

13 Ástand hagkerfisins .....................................................................................45

14 Rekstur og árangur fyrirtækja .....................................................................47

15 Samgöngur og tækni ...................................................................................52

16 Auðlindir......................................................................................................58

17 Menningarmál, söfn og félagsstörf .............................................................66

18 Vaxtarsamningur .........................................................................................68

19 Fjárlög 2010 – Norðaustursvæði .................................................................69

# Norðausturland

## (Úr skýrslu Byggðastofnunar um byggðaþróun 2010-2013)

Nokkur íbúafjölgun hefur verið undanfarin ár á Akureyri, Grenivík, í Svalbarðsstrandarhreppi og í Eyjafjarðarsveit. Íbúum hefur hins vegar fækkað í öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð, einkum út með firðinum að vestan. Störfum í iðnaði hefur fækkað, sjávarútvegur eflst en fyrst og fremst hefur störfum fjölgað í þekkingar- og þjónustugreinum. Akureyri hefur eflst sem skólabær með skólum á framhalds- og háskólastigi. Eyjafjörður er fjölmennasta og öflugasta þéttbýlissvæði utan Suðvesturlands og líklegast, ásamt Miðausturlandi, til þess að laða til sín fólk og fyrirtæki utan þess svæðis.

Sameining sveitarfélaga og bættar samgöngur hafa í för með sér bætt búsetuskilyrði, starfsskilyrði fyrirtækja, meiri samkeppnishæfni svæðisins og betri skilyrði til að flytja þangað verkefni frá ríkinu, t.d. tengd sjávarútvegi.

Ferðaþjónusta er vaxandi og Mývatnssveit hefur sérstöðu. Einnig þar hafa menn hug á stefnumótun og frekari markaðssetningu, t.d. á vetrarferðaþjónustu. Aðrir sjá einnig tækifæri tengd vetrarferðamennsku, t.d. á Ólafsfirði. Nálægð við Akureyri er einnig talin gefa tækifæri. Ýmislegt er í vexti, t.d. Hvalaminjasafnið á Húsavík og hvalaskoðunarferðir þaðan hafa visst forskot. Húsvíkingar hugsa einnig um strandmenningu með því að gera hafnarsvæðið aðgengilegt, en slíkt verkefni er í gangi víðar. Auk Mývatns má nefna þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Talsvert er verið að vinna í kynningarmálum nyrst og austast á svæðinu en á því svæði eru samgöngur veikleiki. Menn sjá m.a. tækifæri í nýtingu jarðhita á Þeistareykjum, í Kröflu og í Bjarnarflagi, t.d. á Húsavík og nágrenni, auk menningartengdrar ferðaþjónustu. Héðinsfjarðargöng eru talin geta eflt ferðaþjónustuna á því svæði. Skemmtiferðaskip hafa viðdvöl á Akureyri og hugsanlega geta nágrannabyggðir notið enn frekar góðs af. Jarðböðin við Mývatn hafa skapað aukna möguleika í ferðaþjónustu. Áhugi er á heilsutengdri ferðaþjónustu. Hugmynd um útivistarsvæði á Langanesi og í Hrísey og þá sem hreina og umhverfisvæna eyju.

Sóknarfæri eru á flestum sviðum og byggjast á íbúafjölda, þéttbýli og þeirri fjölbreytni sem er að finna á Eyjafjarðarsvæðinu. Vaxtarsamningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið var endurnýjaður í ársbyrjun 2008.

Íbúum hefur fækkað á Húsavík og atvinnulíf átt undir högg að sækja, bæði vegna tækniþróunar í fiskveiðum og –vinnslu og breytinga í vinnslu landbúnaðarafurða. Hins vegar hafa fyrirtæki í ferðaþjónustu verið í sókn. Einnig má nefna ferðaþjónustuverkefni sem snertir þingeyska matarmenningu. Nálægð við ríkar orkulindir skapar sóknarfæri til framtíðar, í iðnaði, hátækni og líftækni. Í þessu ljósi eru rannsóknir á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum mikilvægar.

Í Mývatnssveit lagðist starfsemi Kísiliðjunnar af. Fyrirtækið Grænar lausnir hefur reynt að þróa framleiðslu á vörubrettum, en þar eru afar fá störf. Ferðaþjónusta er öflug og þar eru sóknarfæri. Áhersla hefur verið á að lengja ferðamannatímann, efla afþreyingarkosti, eins og jarðböðin eru gott dæmi um, og að nýta nálægðina við þjóðgarð norðan Vatnajökuls.

Í Norður-Þingeyjarsýslu hefur íbúum fækkað mikið undanfarin ár. Samgöngur eru erfiðar, vegalengdir langar, atvinnulíf er einhæft og tekjur lágar. Á svæðinu eru góð skilyrði til sauðfjárræktar og árstíðabundinnar ferðaþjónustu. Á Þórshöfn er staða útgerðar sterk og hefur leitt til nýsköpunar við veiðar og vinnslu á kúfiski. Samgöngubætur, ekki síst nýr vegur um Hófaskarð sem tengir austasta svæðið vestur á við, munu stækka atvinnu- og þjónustusvæði þéttbýlisstaðanna og auka möguleikana í ferðaþjónustu.

Miklar væntingar hafa verið vegna möguleika á byggingu álvers við Bakka, ekki síst í Suður-Þingeyjarsýslu. Sú framkvæmd hefur þó frestast m.a. vegna efnahagsástandsins og óvíst um framhaldið.

Vaxtarsamningur fyrir Norðausturland var gerður árið 2008. Um svipað leyti skipaði forsætisráðherra nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag í fámennum byggðarlögum á Norðurlandi eystra og Austurlandi og lauk hún störfum um hálfu ári síðar. Nefndin gerði tillögur um aðgerðir á ýmsum sviðum og sértækar aðgerðir um 20 ný störf á sviði rannsókna, ráðgjafar og þjónustu í fámennum byggðarlögum á Norðurlandi eystra og Austurlandi og var áætlað að árleg útgjöld við framkvæmd þeirra yrði um 200 mkr.

Heimild: Byggðastofnun, Byggðaþróun Ástand og horfur, fylgirit Byggðaáætlunar 2010-2013, Desember 2009

# 1 Helstu niðurstöður

- Verðmætasköpun á mann á Norðaustursvæði stóð í stað frá 2001 til 2008 ef miðað er við þáttatekjur á mann og er þetta eina svæðið sem ekki nýtur vaxtar í verðmætasköpun á tímabilinu.
- 87% íbúa Norðausturlands njóta hitaveitu sem er næst hæsta hlutfallið á landsvísu.
- Raforkunotkun Norðurlands er 3% af heildarnotkun landsins sem er fremur lágt hlutfall, sér í lagi miðað við stærð svæðisins.
- Íbúum á Norðaustursvæði hefur farið fjölgandi ár frá ári að undanskilinni smávægilegri fækkun 1999 og 2000. Á tímabilinu 1998 til 2009 hefur íbúum Norðaustursvæðis fjölgað um rúmlega 2%.
- Rúmlega 25% 65 ára og eldri njóta heimaþjónustu sem er hæsta hlutfall á landsvísu, en meðalfjöldi vinnustunda á heimilum þeirra sem njóta þjónustunnar er fremur lítill í samanburði við önnur landssvæði.
- Tæplega 62% af íbúum á Norðausturlandi er á aldrinum 18-66 ára sem telst mögulega virkur á vinnumarkaði. Þetta er talsvert undir landsmeðaltali.
- Á Norðaustursvæði er hlutfall einstaklinga með verulegt örorkumat tæplega 9% sem er næst hæsta hlutfallið á landsvísu á eftir Suðurnesjum.
- Um 63% af starfandi fólki vann við þjónustu á árinu 2005 þar af hlutfall þeirra sem hafa atvinnu af heilbrigðis- og félagsþjónustu er 15% af heild. 26% starfaði við iðngreinar og um 11% starfaði við landbúnað og fiskveiðar samanlagt.
- Hlutfall erlendra ríkisborgara er rúmlega 4% á Norðaustursvæði sem er það lægsta á landinu.
- Atvinnuleysi á Norðaustursvæði er um 7% á meðan landsmeðaltalið er 8%.
- Atvinnuleysi er meira meðal elstu aldurshópanna á Norðaustursvæði en á landinu í heild.
- Fjárframlög pr. nemanda í leikskóla eru næst lægst á Norðaustursvæði en í grunnskóla eru þau undir landsmeðaltali.
- Frammistaða nemenda á samræmdum könnunarprófum er undir meðaltali í 10. bekk.
- Frammistaða í PISA (alþjóðlegri könnun) er yfir landsmeðaltali í stærðfræði en á meðaltali í lesskilningi og náttúrufræði.
- Líðan barna í grunnskóla samkvæmt mælingu 2006 er þriðja best á Norðaustursvæði. Samkvæmt sömu mælingu var áfengisneysla 10. bekkinga minnst á svæðinu og reykingar næst minnstar á landsvísu.
- 1.360 einstaklingar með lögheimili á Norðaustursvæði voru við háskólanám 2008 og hlutfallsleg aukning þeirra sem sækja sér háskólamenntun var 71% á svæðinu miðað við tímabilið 2000-2008.
- Fjöldi þeirra sem útskrifast úr háskóla á svæðinu hefur tvöfaldast frá árinu 2000-2008. Athygli vekur þó smávægileg fækkun síðastliðin tvö ár.
- Tekjur og gjöld sveitarfélaga per íbúa eru hæst á Norðaustursvæði samanborið við önnur svæði.
- Þegar horft er til fyrirtækja með lögheimili á svæðinu er verðmætasköpun árið 2008 mest í landbúnaði og fiskveiðum. Þar á eftir koma framleiðsla og því næst byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Athygli vekur hvað rekstrarafkoma í fjármálastarfsemi var slæm á árinu 2008, eða neikvæð um 9 milljarða.
- 45% innlendra ferðamanna telja Norðurland mest spennandi svæðið til vetrarferða.
- Hlutfall fjallvega yfir 200 m. er næst hæst á landsvísu á Norðaustursvæði en lítið yfir 400 m.
- Norðaustursvæðið hefur yfir að ráða um 16% af aflamarki í botnfiski. Hlutfallslega er mesti styrkleiki svæðisins í einstökum tegundum í þorski og úthafsrækju.
- Norðaustursvæði hefur 17% hlutdeild í greiðslumarki sauðfjár og 25% af heildarframleiðslu mjólkur.
- Norðaustursvæði býr yfir mörgum virkjanakostum. Í Rammaáætlun eru tvö virkjanleg vatnsföll á Norðausturlandi, en í þeirri áætlun er forgangsraðað þeim kostum sem taldir eru hagkvæmastir. Varðandi háhitasvæði eru einnig þrír virkjanakostir í Rammaáætlun.
- Tveir vaxtarsamningar eru í gangi í svæðinu; Vaxtarsamningur Eyjafjarðar og Vaxtarsamningur Norðausturlands (Þingeyjarsýsla)

# 2 Hagsæld

## 2.1 Þáttatekjur (laun+hlutdeild í afkomu og afskriftum skipt á landshluta eftir launum.)

Þáttatekjur á mann lýsa verðmætasköpun sem birtist í formi launa og afkomu fyrirtækja.  Á Norðaustursvæði hafa þáttatekjur á mann staðið í stað á tímabilinu 2001 til 2008. Þetta er lakari niðurstaða en annars staðar á landinu og eina svæðið sem nýtur ekki vaxtar. Þáttatekjur birtast í millj. kr. á íbúa og eru reiknaðar á grundvelli launa en afskriftum og rekstrarhagnaði fyrirtækja er bætt við á grundvelli meðaltalstalna.

| Ár | Höfuðborgar-svæðið | Suðurnes | Vesturland | Vestfirðir | Norðurland vestra | Norðurland Eystra | Austurland | Suðurland |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 2,1 | 2,3 | 2,3 | 1,8 | 1,7 | 1,8 | 1,8 | 2,0 |
| 2002 | 2,1 | 2,2 | 2,4 | 2,0 | 1,7 | 1,7 | 2,0 | 2,1 |
| 2003 | 2,1 | 2,1 | 2,3 | 1,9 | 1,6 | 1,7 | 1,9 | 2,0 |
| 2004 | 2,3 | 2,1 | 2,4 | 2,1 | 1,9 | 2,0 | 2,3 | 2,0 |
| 2005 | 2,4 | 2,1 | 2,6 | 2,3 | 1,9 | 2,0 | 2,8 | 2,1 |
| 2006 | 2,6 | 2,1 | 2,8 | 2,2 | 1,8 | 1,8 | 2,8 | 2,2 |
| 2007 | 2,7 | 2,4 | 2,6 | 2,1 | 1,8 | 1,8 | 3,0 | 2,1 |
| 2008 (áætlun) | 2,8 | 2,4 | 2,6 | 2,3 | 1,8 | 1,8 | 2,7 | 2,1 |
| **Breyting á tímabili** | **33%** | **4%** | **13%** | **28%** | **6%** | **0%** | **50%** | **5%** |

Heimild:  Hagvöxtur landshluta 2001-2008 Byggðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands des. 2008




## 2.2 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir hagsæld

- Framleiðniaukning / Framleiðni pr. vinnustund
- Uppruni framleiðniaukningar
- Breytingar á framleiðni í lykilatvinnugreinum 1999-2008

# 3 Umhverfi

## 3.1 Hlutfall endurnýjanlegrar orku í orkunotkun

Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um hlutfall endurnýjanlegrar orku í orkunotkun niður á landshluta og því eru birtar upplýsingar fyrir landið í heild.  Eins og sést hér að neðan er samkeppnisstaða Íslands góð að þessu leyti.




Heimild: Orkustofnun

## 3.2 Breytingar á hlutfalli endurnýjanlegrar orku í orkunotkun

Notkun á endurnýjanlegri orku hefur aukist umtalsvert og vex næst mest á Íslandi á tímabilinu 2002-2006 í samanburði við 1997-2001. Einungis Danmörk nær betri árangri.




Heimild: Orkustofnun

## 3.3 Hlutfall íbúa sem njóta hitaveitu

Stór hluti íbúa Norðausturlands eða rúmlega 87,2% njóta hitaveitu og er aðeins undir landsmeðaltali.

Hlutfall íbúa sem nutu hitaveitu árið 2007

| Reykjavík og Reykjanes | Vesturland | Vestfirðir | Norður-land vestra | Norður-land eystra | Austur-land | Suður-land | Lands-meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **99,5%** | 75,1% | 6,8% | 84,3% | 87,2% | 25,6% | 68,6% | 88,9% |

Heimild: Orkustofnun

## 3.4 Raforkunotkun

Raforkunotkun á Norðurlandi var um 3% af heildarnotkun árið 2008 sem er mjög lítill hluti af heildarraforkunotkun á landinu í heild.




Heimild: Orkustofnun, Raforkuspá 2009-2030

## 3.5 Verndarsvæði – fjöldi/flatarmál

Einn þjóðgarður er á Norðaustursvæði og mikið er um friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. Alls eru 3 friðlönd, alls 18.140 hektarar, 4 náttúruvætti, alls 5.129 hektarar, 3 fólkvangar, 2.546 hektarar og 43 önnur friðuð svæði.

| | Fjöldi | Stærð |
|---|---|---|
| **Þjóðgarðar** | **1** | **12.000 ha** |
| **Jökulsárgljúfur** | | |
| **Friðlönd** | **3** | **18.140 ha** |
| Friðland í Svarfaðardal | | 540 ha |
| Herðubreiðarfriðland | | 17.000 ha |
| Vestmannsvatn | | 600 ha |
| **Náttúruvætti** | **4** | **5.129 ha** |
| Askja í Dyngjufjöllum | | 5.000 ha |
| Skútustaðagígar | | 28 ha |
| Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss | | |
| Hverastrýta á botni Eyjafjarðar | | 101 ha |
| **Fólkvangar** | **3** | **2.546 ha** |
| Böggvisstaðafjall | | 260 ha |
| Hraun í Öxnadal | | 2.286 ha |
| Krossanesborgir | | |
| **Önnur friðuð svæði og náttúruminjar** | **43** | |
| Mývatn og Laxá, S-Þingeyjarsýslu | Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, Skagafjarðarsýslu og | Sauðakotsrípill á Ufsaströnd, Dalvík |

| | | |
|---|---|---|
| | Eyjafjarðarsýslu | |
| Hólsrípill á Ufsaströnd, Dalvík | Hrísey, Hríseyjarhreppi | Hraunsvatn og Vatnsdalur, Öxnadalshreppi |
| Hörgárósar, Glæsibæjarhreppi | Krossanesborgir, Akureyri, Glæsibæjarhreppi | Glerárgil, Akureyri, Glæsibæjarhreppi |
| Leyningshólar og Hólahólar, Eyjafjarðarsveit | Hólmarnir, Akureyri | Grímsey, Grímseyjarhreppi |
| Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda, Grýtubakkahreppi, Hálshreppi, Ljósavatnshreppi | Lónin og Laufáshólmar, Grýtubakkahreppi | Melar við Illugastaði, Hálshreppi |
| Bleiksmýrardalur, Hálshreppi | Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur) S-Þingeyjarsýslu | Gæsavötn við Gæsahnjúk, S-Þingeyjarsýslu |
| Laufrönd og Neðribotnar, S-Þingeyjarsýslu | Ingvararfoss, Aldeyjarfoss, Hrafnbjargarfoss, Bárðardælahreppi, S-Þingeyjars. | Ljósavatn, Ljósavatnshreppi |
| Goðafoss, Ljósavatnshreppi | Þingey, Ljósavatnshreppi | Varastaðaskógur, Reykdælahreppi |
| Halldórsstaðir, Reykdælahreppi | Gervigígar við Knútsstaði í Aðaldal, Aðaldælahreppi | Gervigígjaþyrpingar í Aðaldal, Aðaldælahreppi |
| Votlendi á Sandi og Sílalæk, Aðaldælahreppi | Bakkafjara og Bakkahöfði, Húsavík | Lundey, Tjörneshreppi |
| Tjörneslögin og Voladalstorfa, Tjörneshreppi | Mánáreyjar, Tjörneshreppi | Votlendi við Öxarfjörð, Kelduneshreppi |
| Þeistareykir, Reykjahreppi | Vítin á Reykjaheiði, Reykjahreppi | Meiðavallaskógur, Kelduneshreppi |
| Jökulsárgljúfur, austan ár, Öxarfjarðarhreppi | Röndin við Kópasker, Öxarfjarðarhreppi | Melrakkaslétta norðanverð, Öxarfjarðarhreppi |
| Ólafsfjarðarvatn, Ólafsfirði | Flatey á Skjálfanda, Hálshreppi | Syðralón við Þórshöfn, Þórshafnarhreppi |
| Sauðaneslón á Langanesi, Þórshafnarhreppi | Langanes utan Heiðarfjalls, Þórshafnarhreppi | |

Heimild: UST

## 3.6 Útgefin starfsleyfi Umhverfisstofnunar

Á Norðaustursvæði eru starfandi 8 starfsleyfisskyldar sorpstöðvar, 7 olíubirgðastöðvar, 5 fiskeldisstöðvar, 2 fiskimjölsverksmiðjur, 1 aflþynnuverksmiðja og malbikunarstöð.

## 3.7 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir sjálfbærni á Norðaustursvæði

- Loftmengun (svifryk og NO2)
- Endurnýting úrgangs
- Umhverfisvottuð starfsemi á svæðinu

# 4 Lífsgæði og jöfnuður

## 4.1 Tekjudreifing – Gini stuðull

Gini-stuðullinn (Gini-coefficient) mælir í einni tölu milli 0 og 1 hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 1 ef sami einstaklingurinn hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Ekki liggja fyrir niðurstöður Gini stuðuls fyrir einstök svæði.




Heimild: Hagstofa Íslands

## 4.2 Hlutfall kvenna í sveitastjórnum (2006)

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum á Norðaustursvæði er um 39%.




Heimild: Jafnréttisstofa fyrir Félags-og tryggingamálaráðuneyti

Hér er reiknað einfalt hlutfall kvenna í sveitarstjórn eftir sveitarstjórnakosningar árið 2006. Við útreikning fyrir svæði sóknaráætlunar er stuðst við vegið meðaltal. Þannig er leiðrétt fyrir stærð sveitarfélaga. Mikill munur kann að vera á hlut kvenna í sveitarstjórnum milli sveitarfélaga innan svæða. Þar kemur sérstaklega til að hlutur kvenna í sveitarstjórnum, þar sem val á fulltrúum fer fram með óhlutbundinni kosningu, er jafnan mun minni en í sveitarfélögum þar sem fulltrúar eru kosnir með hlutbundinni kosningu.

## 4.3 Íbúafjöldi

Íbúafjöldi á Norðausturssvæði er nú rúmlega 29 þúsund og hefur íbúum farið fjölgandi ár frá ári allt frá 2000 en smávægileg fækkun varð árin 1999 og 2000. Á tímabilinu 1998 til 2009 hefur íbúum Norðaustursvæðis fjölgað um rúmlega 2%.




Heimild: Hagstofa Íslands

## 4.4 Hlutfall aldraðra á hjúkrunarheimilum

Rúmlega 6% íbúa á Norðaustursvæði 65 ára og eldri eru í hjúkrunarrýmum sem er sambærilegt og landsmeðaltal.




Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Myndin hér að framan sýnir fjölda aldraðra í hjúkrunarrýmum á dvalar- og hjúkrunarheimilum og heilbrigðisstofnunum í desember 2008, samkvæmt upplýsingum rekstraraðila, sem hlutfall af aldurshópi 65 ára og eldri.

## 4.5 Hlutfall með félagslega heimaþjónustu

Á Norðaustursvæði er hlutfall íbúa 65 ára eldri sem njóta heimaþjónustu hæst á landsvísu eða um 26% .




Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Myndin sýnir hlutfall heimila, með íbúa í aldurshópnum +65 ára, sem nutu félagslegrar heimaþjónustu sveitarfélaga með 250 eða fleiri íbúa árið 2008 samkvæmt upplýsingum félagsmálayfirvalda sveitarfélaga.




Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Myndin hér að ofan sýnir meðalfjölda vinnustunda á heimili aldraðra og má skoða í samhengi við hlutfall einstaklinga sem njóta heimaþjónustu til að meta þjónustustig og þjónustuþörf.

## 4.6 Hlutfall félagslegs leiguhúsnæðis

Alls er rúmlega 3% af íbúðarhúsnæði á Norðaustursvæði leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaga sem er þriðja hæsta hlutfallið á landsvísu. Eingöngu er um að ræða skuldsettar íbúðir sem leigðar eru íbúum sveitarfélaganna sem eru undir tekju- og eignamörkum. Í einhverjum tilfellum standa íbúðir auðar.




Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

## 4.7 Hlutfall með fjárhagsaðstoð

Á Norðaustursvæði er hlutfall 18 ára og eldri sem njóta fjárhagstoðar rúmlega 2% sem er nálægt meðaltali fyrir landið.




Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Myndin hér að framan sýnir hlutfall þeirra sem nutu fjárhagsaðstoðar í sveitarfélögum með 250 eða fleiri íbúa árið 2008, samkvæmt upplýsingum félagsmálayfirvalda sveitarfélaga. Viðtakendur sem hlutfalli af aldurshópum samkvæmt miðársmannfjölda.

## 4.8 Aldurssamsetning

Aldurssamsetning á Norðausturlandi er þannig að 61,8% eru á þeim aldri sem talist getur mögulega virkur á vinnumarkaði. Þetta hlutfall er talsvert undir landsmeðaltali. Hlutfall aldraðra er næsthæst á landinu.




Heimild: Hagstofa Íslands

## 4.9 Hlutfall ellilífeyrisþega almannatrygginga

Hlutfall ellilífeyrisþega af heildarfjölda 67 ára og eldri er rúmlega 78% á Norðaustursvæði sem er þriðja hæsta hlutfallið á landsvísu.




Heimild: Tryggingastofnun ríkisins fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Hafa ber í huga að fjöldatölur ellilífeyrisþega í desember 2009 eru ekki endanlegar, hægt að sækja um lífeyri 2 ár afturvirkt.

Á myndinni eru ekki taldir með vistmenn dvalarheimila, né heldur aldraðir sem dvalið hafa á sjúkrastofnun í einn mánuð eða lengur.

Munur á fjölda þega og fjölda aldraðra er skýrður með því að hluti aldraðra hefur tekjur sem eru yfir þeim mörkum sem veita rétt til bóta úr almannatryggingakerfinu. Einnig eru aldraðir sem dvelja á sjúkrahúsi ekki taldir með, því bætur þeirra falla niður eftir mánuð.

Greining TR: Hér má sjá að hæst er hlutfallið á Suðurnesjum, NA-svæði og NV-svæði, en höfuðborgarsvæðið er með lægsta hlutfallið. Þegar skoðuð er tekjuskipting eftir svæðum sést að meðaltal og miðgildi tekna ellilífeyrisþega er töluvert hærra á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru t.d. hlutfallslega fleiri af hópnum 67 ára og eldri sem hafa engar lífeyrisgreiðslur vegna of hárra tekna. Einnig eru hlutfallslega flestir á höfuðborgarsvæðinu m.v. önnur landssvæði sem fresta töku lífeyris. Á Suðurnesjum eru tekjur umrædds hóps töluvert lægri en á öðrum svæðum og hlutfallslega fáir á sjúkrastofnunum. Á Norðvestursvæði eru tekjur einnig töluvert lægri og fáir sem fresta töku lífeyris. Á Norðaustursvæði sem er þriðja hæst, eru hlutfallslega færri á þessu svæði með engar lífeyrisgreiðslur vegna tekna og einnig virðast færri hafa frestað töku lífeyris hér m.v. landsmeðaltal. Aldursdreifing ellilífeyrisþega er svipuð um allt land, en þó eru Suðurnesin langlæsta hlutfall aldraðra (7,84%) af heildarfjölda á svæðinu og Norðvestursvæðið er með langhæsta hlutfall 67 ára og eldri (13,6 % af heildarfjöldanum).

## 4.10 Hlutfall barna með umönnunarmat

Um 5,7% barna á Norðaustursvæði er með umönnunarmat sem er félagsleg aðstoð vegna fötlunar eða veikinda. Það er samsvarandi landsmeðaltali.




Heimild: Tryggingastofnun ríkisins fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Greining TR: Á Suðurnesjum og Vestursvæði er hlutfall barna með umönnunarmat hærra en landsmeðaltalið og hærra en á Höfuðborgarsvæðinu. Á Akranesi hefur hlutfallið verið hátt. Þjónusta er fyrir hendi á Akranesi og hefur þar verið myndað sérstakt greiningarteymi. Sömu sögu má segja um Hveragerði og Keflavík. Einnig má segja að félagsleg tenging sé fyrir hendi þ.e. þegar á viðkomandi svæði búa börn með erfiðleika þá flytji fólk með svipaða stöðu þangað ef einnig er fyrir hendi þjónusta á svæðinu. Á fyrrnefndum svæðum er einnig ódýrara húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu og gæti verið auðveldara fyrir fjölskyldur með börn með umönnunarmat að festa kaup á hentugra húsnæði t.d. einbýli en á höfuðborgarsvæðinu.

## 4.11 Hlutfall með örorkumat 2009

Tæplega 9% íbúa á Norðaustursvæði eru metnir með verulega örorku og er það næsthæsta hlutfallið á landsvísu.

**Hlutfall einstaklinga með 50-75% örorkumat árið 2009 af heildaríbúafjölda eftir svæðum**
**2008**




Heimild: Tryggingastofnun ríkisins fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Greining TR: Hér eru Suðurnesin með hæsta hlutfallið og þar á eftir NA-svæði og Suðursvæði. Væntanlega hefur staða atvinnumála á svæðinu áhrif og félagsleg staða íbúa. Einnig sækir fólk sem þarf á félagslegri þjónustu að halda í þéttbýli.

## 4.12 Afbrot

Töflur hér að neðan sína afbrot í ýmsum flokkum per 10.000 íbúa eftir lögregluumdæmum.

| | Manndráp og líkamsmeiðingar | | | Kynferðisbrot | | | Áfengislagabrot | | | Fíkniefnabrot | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2008** | **2007** | **2006** | **2008** | **2007** | **2006** | **2008** | **2007** | **2006** | **2008** | **2007** | **2006** |
| Akranes | 42,6 | 40,3 | 41,5 | 11,0 | 15,1 | 20,8 | 45,7 | 43,7 | 36,3 | 66,2 | 80,6 | 32,9 |
| Borgarnes | 34,6 | 27,6 | 32,6 | 7,7 | 23,7 | 8,2 | 21,2 | 25,7 | 14,3 | 88,5 | 108,5 | 97,9 |
| Snæfellsnes | 61,3 | 35,0 | 26,3 | 7,7 | 2,5 | 9,6 | 30,7 | 20,0 | 16,8 | 15,3 | 30,0 | 28,7 |
| Vestfirðir | 38,3 | 25,4 | 39,8 | 19,2 | 18,7 | 5,3 | 17,8 | 26,8 | 51,7 | 49,3 | 52,2 | 39,8 |
| Blönduós | 22,4 | 25,4 | 25,1 | 3,2 | 6,3 | 3,1 | 3,2 | 22,2 | 6,3 | 32,0 | 44,4 | 12,5 |
| Sauðárkrókur | 37,8 | 32,6 | 25,4 | 4,7 | 0,0 | 9,2 | 9,5 | 9,3 | 20,8 | 28,4 | 51,2 | 20,8 |
| Akureyri | 48,3 | 51,1 | 41,9 | 6,3 | 10,2 | 11,1 | 53,7 | 75,8 | 68,5 | 49,5 | 32,7 | 82,6 |
| Húsavík | 28,2 | 29,6 | 18,0 | 14,1 | 9,9 | 14,0 | 10,1 | 15,8 | 8,0 | 16,1 | 11,8 | 22,0 |
| Eskifjörður | 27,9 | 23,3 | 31,1 | 8,9 | 3,5 | 10,4 | 19,0 | 26,8 | 35,0 | 11,4 | 8,1 | 22,0 |
| Seyðisfjörður | 16,7 | 31,1 | 18,4 | 10,0 | 10,4 | 1,7 | 23,3 | 29,6 | 33,4 | 10,0 | 10,4 | 28,4 |
| Hvolsvöllur | 29,5 | 18,4 | 28,0 | 18,1 | 9,2 | 7,0 | 18,1 | 18,4 | 18,7 | 45,3 | 6,9 | 39,6 |
| Selfoss | 49,3 | 41,4 | 25,8 | 33,9 | 24,9 | 11,5 | 28,0 | 24,2 | 34,4 | 71,2 | 38,7 | 69,6 |
| Vestmannaeyjar | 81,7 | 58,9 | 52,7 | 7,4 | 17,2 | 9,6 | 111,4 | 103,1 | 115,0 | 111,4 | 56,4 | 71,9 |
| Suðurnes | 62,2 | 63,6 | 67,0 | 26,9 | 14,3 | 14,5 | 62,7 | 72,6 | 100,6 | 106,8 | 101,7 | 108,9 |
| Höfuðborgarsvæðið | 39,8 | 48,3 | 44,5 | 9,4 | 10,3 | 8,6 | 21,9 | 40,7 | 54,8 | 46,1 | 67,1 | 74,8 |
| **Landið allt** | **42,1** | **46,0** | **42,3** | **11,8** | **11,4** | **9,4** | **28,3** | **42,6** | **53,7** | **50,8** | **60,1** | **70,1** |

Heimild: Afbrotatölfræði 2008. Ríkislögreglustjóri

Akureyri er yfir landsmeðaltali í flokkunum manndráp og líkamsmeiðingar og áfengislagabrot en talsvert undir landsmeðaltali hvað varðar kynferðisbrot. Fíkniefnabrot er rétt undir landsmeðaltali.

Húsavík er undir landsmeðaltali í flokkunum manndráp og líkamsmeiðingar, áfengislagabrot og fíkniefnabrot, en yfir landsmeðaltali í kynferðisbrotum.

| | Auðgunarbrot | | | Eignaspjöll | | | Nytjastuldur | | | Friðhelgi einkalífsins | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2008** | **2007** | **2006** | **2008** | **2007** | **2006** | **2008** | **2007** | **2006** | **2008** | **2007** | **2006** |
| Akranes | 110,3 | 134,3 | 195,4 | 111,9 | 125,9 | 159,1 | 11,0 | 3,4 | 5,2 | 15,8 | 10,1 | 12,1 |
| Borgarnes | 154,0 | 124,3 | 85,6 | 109,7 | 114,5 | 46,9 | 9,6 | 7,9 | 10,2 | 15,4 | 25,7 | 26,5 |
| Snæfellsnes | 58,8 | 50,0 | 50,3 | 43,5 | 20,0 | 52,7 | 15,3 | 2,5 | 9,6 | 17,9 | 10,0 | 9,6 |
| Vestfirðir | 91,7 | 44,2 | 41,1 | 60,2 | 69,6 | 61,0 | 6,8 | 5,4 | 2,7 | 32,8 | 29,5 | 29,2 |
| Blönduós | 32,0 | 38,1 | 31,3 | 32,0 | 34,9 | 21,9 | 0,0 | 3,2 | 9,4 | 9,6 | 9,5 | 9,4 |
| Sauðárkrókur | 47,3 | 53,5 | 36,9 | 70,9 | 79,1 | 83,0 | 2,4 | 0,0 | 2,3 | 16,5 | 9,3 | 23,1 |
| Akureyri | 138,0 | 150,8 | 165,7 | 94,4 | 95,8 | 122,0 | 11,7 | 7,7 | 6,0 | 13,4 | 15,3 | 19,3 |
| Húsavík | 30,2 | 25,6 | 46,1 | 26,2 | 31,5 | 30,1 | 6,0 | 3,9 | 10,0 | 12,1 | 19,7 | 16,0 |
| Eskifjörður | 32,9 | 68,6 | 40,1 | 32,9 | 36,1 | 69,9 | 3,8 | 4,7 | 0,0 | 5,1 | 9,3 | 23,3 |
| Seyðisfjörður | 68,3 | 75,5 | 56,8 | 43,3 | 50,4 | 63,5 | 6,7 | 10,4 | 6,7 | 5,0 | 16,3 | 11,7 |
| Hvolsvöllur | 63,4 | 50,5 | 65,3 | 68,0 | 48,2 | 63,0 | 4,5 | 2,3 | 0,0 | 15,9 | 32,1 | 21,0 |
| Selfoss | 238,9 | 150,5 | 137,0 | 97,2 | 120,1 | 118,4 | 6,7 | 12,4 | 13,6 | 30,0 | 15,2 | 29,4 |
| Vestmannaeyjar | 136,1 | 95,7 | 136,5 | 151,0 | 179,1 | 158,1 | 12,4 | 7,4 | 4,8 | 37,1 | 17,2 | 21,6 |
| Suðurnes | 180,3 | 154,1 | 243,0 | 136,2 | 156,8 | 163,7 | 10,8 | 12,7 | 27,4 | 26,0 | 23,3 | 36,3 |
| Höfuðborgarsvæðið | 332,0 | 254,8 | 275,6 | 101,9 | 111,3 | 123,0 | 15,7 | 18,1 | 19,6 | 16,8 | 19,3 | 24,9 |
| **Landið allt** | **256,6** | **201,0** | **220,3** | **96,6** | **105,4** | **116,0** | **13,0** | **14,2** | **16,0** | **17,8** | **18,7** | **24,2** |

Heimild: Afbrotatölfræði 2008. Ríkislögreglustjóri

Akureyri er undir landsmeðaltali hvað varðar auðgunarbrot en þar sker höfuðborgarsvæðið sig úr. Einnig er Akureyri undir meðaltali varðandi eignaspjöll, nytjastuld og brot á friðhelgi einkalífsins.

Húsavík er einnig undir landsmeðaltali í framangreindum fjórum flokkum.

## 4.13 Fjöldi samskipta við heilsugæslustöðvar

Fjölda samskipta á hvern íbúa á Norðaustursvæði er 8,1 og yfir landsmeðaltali.

**Fjöldi símtala við heilsugæslustöðvar per íbúa - 2008**




## 4.14 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir lífsgæði og jöfnuð

- Tekjudreifing – Gini stuðull niður á svæði
- Biðtími eftir hjúkrunarplássi
- Gæði heilbrigðisþjónustu
- Hlutfall íbúa á vinnualdri undir fátæktarmörkum

# 5 Vinnumarkaður

## 5.1 Fjöldi Launagreiðenda eftir atvinnugreinum á Norðaustursvæði, 2005

Athygli vekur hvað fáir vinnustaðir eru á svæðinu með fleiri en 100 starfsmenn. Meðal minni fyrirtækja er landbúnaður, byggingastarfsemi og verslun og önnur viðgerðarþjónusta algengustu vinnustaðirnir en í stærri fyrirtækjum vega iðnaður, önnur opinber þjónusta og heilbrigðisþjónusta þyngst.

| Lýsing | 1 | 2 - 9 | 10 - 19 | 20 - 49 | 50 - 99 | 100 - 249 | >249 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alls | 1128 | 857 | 109 | 60 | 23 | 10 | 5 |
| A Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt | 293 | 180 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| B Fiskveiðar | 56 | 77 | 11 | 6 | 1 | 0 | 1 |
| C Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| D Iðnaður | 56 | 76 | 18 | 16 | 7 | 4 | 1 |
| E Veitur | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð | 134 | 108 | 13 | 6 | 2 | 1 | 0 |
| G Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta | 76 | 117 | 12 | 5 | 0 | 0 | 0 |
| H Hótel- og veitingahúsarekstur | 30 | 34 | 15 | 4 | 2 | 1 | 0 |
| I Samgöngur og flutningar | 85 | 34 | 5 | 1 | 1 | 0 | 1 |
| J Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar | 12 | 4 | 6 | 4 | 0 | 0 | 0 |
| K Fasteignaviðsk., leigustarfs. og ýmis sérhæfð þjónusta | 129 | 92 | 11 | 4 | 1 | 0 | 0 |
| L Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar | 0 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 1 |
| M Fræðslustarfsemi | 22 | 7 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 |
| N Heilbrigðis og félagsþjónusta | 106 | 38 | 4 | 2 | 2 | 1 | 1 |
| O Önnur samfélagsþjón., félags- og menningarstarfsemi o.fl. | 125 | 77 | 10 | 6 | 0 | 0 | 0 |
| Q Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Ótilgreind starfsemi | 4 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |

Heimild: Hagstofa Íslands

## 5.2 Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu starfandi fólks niður á hinar ýmsu greinar. Þjónusta vegur þyngst, því næst iðngreinar en frumvinnslugreinarnar minnst. Hér er miðað við árið 2005.

| | 2005 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|
| | Karlar Fjöldi | Konur Fjöldi | Karlar % | Konur % |
| Landbúnaður (A) | 470 | 210 | 6% | 3% |
| Fiskveiðar (B) | 870 | 100 | 11% | 1% |
| **Frumvinnslugreinar alls (A-C)** | **1340** | **310** | **17%** | **5%** |
| | | | | |
| Fiskvinnsla (152) | 510 | 470 | 7% | 7% |
| Annar iðnaður (D) | 1150 | 410 | 15% | 6% |
| Veitustarfsemi (E) | 110 | 20 | 1% | 0% |
| Mannvirkjagerð (F) | 1010 | 60 | 13% | 1% |
| **Iðngreinar alls (D-F)** | **2780** | **960** | **36%** | **14%** |
| | | | | |
| Verslun og viðgerðaþjónusta (G) | 710 | 690 | 9% | 10% |
| Hótel- og veitingahúsarekstur (H) | 220 | 380 | 3% | 6% |
| Samgöngur og flutningar (I) | 560 | 230 | 7% | 3% |
| Fjármálaþjónusta (J) | 110 | 240 | 1% | 4% |
| Fasteigna- og viðskiptaþjónusta (K) | 480 | 340 | 6% | 5% |
| Opinber stjórnsýsla (L) | 490 | 670 | 6% | 10% |
| Fræðslustarfsemi (M) | 370 | 760 | 5% | 11% |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta (N) | 330 | 1860 | 4% | 27% |
| Önnur þjónusta (O-Q) | 350 | 410 | 5% | 6% |
| **Þjónustugreinar alls (G-Q)** | **3620** | **5580** | **47%** | **81%** |
| | | | | |
| **Samtals allar greinar (A-Q)** | **7740** | **6850** | **100%** | **100%** |

Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum-erlent vinnuafl

Erlent vinnuafl árið 2005 vegur ekki þungt í heildarvinnuafli svæðisins samanborið við önnur svæði.

| | 2005 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|
| | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| | Fjöldi | Fjöldi | % | % |
| Landbúnaður (A) | 10 | 10 | 5% | 5% |
| Fiskveiðar (B) | 20 | 10 | 10% | 5% |
| **Frumvinnslugreinar alls (A-C)** | **30** | **20** | **14%** | **10%** |
| | | | | |
| Fiskvinnsla (152) | 30 | 70 | 14% | 33% |
| Annar iðnaður (D) | 40 | 10 | 19% | 5% |
| Veitustarfsemi (E) | 0 | 0 | 0% | 0% |
| Mannvirkjagerð (F) | 20 | 0 | 10% | 0% |
| **Iðngreinar alls (D-F)** | **90** | **80** | **43%** | **38%** |
| | | | | |
| Verslun og viðgerðaþjónusta (G) | 10 | 10 | 5% | 5% |
| Hótel- og veitingahúsarekstur (H) | 10 | 10 | 5% | 5% |
| Samgöngur og flutningar (I) | 10 | 0 | 5% | 0% |
| Fjármálaþjónusta (J) | 0 | 0 | 0% | 0% |
| Fasteigna- og viðskiptaþjónusta (K) | 10 | 10 | 5% | 5% |
| Opinber stjórnsýsla (L) | 10 | 10 | 5% | 5% |
| Fræðslustarfsemi (M) | 20 | 20 | 10% | 10% |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta (N) | 10 | 40 | 5% | 19% |
| Önnur þjónusta (O-Q) | 10 | 10 | 5% | 5% |
| **Þjónustugreinar alls (G-Q)** | **90** | **110** | **43%** | **52%** |
| | | | | |
| **Samtals allar greinar (A-Q)** | **210** | **210** | **100%** | **100%** |

Heimild: Hagstofa Íslands

## 5.3 Umfang erlends vinnuafls

Ef litið er til Íslands í heild má sjá að erlent vinnuafl er hlutfallslega lítill hluti vinnuafls í samanburði við önnur lönd.




Heimild: Hagstofa Íslands

Eins og sjá má á myndinni hér að neðan er hlutfall erlendra ríkisborgara hæst á Austursvæði eða tæplega 12% en hlutfallið er um 4% á Norðaustursvæði sem er það lægsta á landsvísu. Hlutfall erlendra ríkisborgara sem fengu ríkisborgararétt á undanförnum 10 árum er fremur lágt Norðaustursvæði.




Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

## 5.4 Atvinnuleysi (hlutfall) 2008

Atvinnuleysi á Norðaustursvæði er aðeins undir landsmeðaltali og mælist tæplega 7% á meðan landsmeðaltal er um 8%.




Heimild: Vinnumálastofnun fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

## 5.5 Menntunarstig atvinnulausra

Lágt menntunarstig virðist gera fólk viðkvæmara fyrir atvinnuleysi en mikill meirihluti atvinnulausra á svæðinu hefur einungis grunnskólapróf eða 61% og en minna atvinnuleysi er eftir því sem menntunarstig hækkar.







Heimild: Vinnumálastofnun fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

## 5.6 Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara

Á Norðaustursvæði atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara er minna en atvinnuleysi á svæðinu í heild. Á landsvísu er atvinnuleysishlutfall hærra hjá erlendum ríkisborgurum en hjá heildinni.




Heimild: Vinnumálastofnun fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

## 5.7 Aldursdreifing atvinnulausra

Aldursdreifing á svæðinu er fremur áþekkt því sem gerist á landinu í heild ef frá er talið að atvinnuleysi 30-39 ára og 60-70 ára.






Heimild: Vinnumálastofnun fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

## 5.8 Munur á heildarlaunum kynja (2006)

Launamunur kynjanna er mikill á Norðaustursvæði í samanburði við önnur svæði. Heildarlaun kvenna eru um 57% af heildarlaunum karla.




Heimild: Jafnréttisstofa fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Heildarlaun kvenna sem hlutfall af heildarlaunum karla: Upplýsingar eru unnar af Jafnréttisstofu úr gögnum frá Ríkisskattstjóra til Hagstofu Íslands. Um er að ræða útreikninga á skattskyldum tekjum karla og kvenna, atvinnutekjum og heildartekjum. Þannig eru reiknaðar með til tekna allar aukagreiðslur til launþega. Við útreikning er stuðst við vegið meðaltal til þess að leiðrétta fyrir stærð sveitarfélaga. Gögnin gilda fyrir árið 2006.

Greining: Konur á Norðvestursvæði hafa hærra hlutfall af heildarlaunum karla en konur á öðrum landssvæðum (67,4% af heildarlaunum karla) á sama svæði. Skýringa má leita í því að stærstu sveitarfélög á svæðinu eru frekar há hvað þetta varðar. Einnig má geta þess að á þessu svæði eru eilítið minni möguleikar fyrir karla að hafa háar tekjur af störfum tengdum sjávarútvegi, en t.d. á Vestfjarðarsvæði og Norðaustursvæði.

## 5.9 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir vinnumarkað

- Fjöldi árlegra vinnustunda pr. vinnandi mann
- Meðalbreyting launakostnaðar 5 ára tímabil
- Inn- og útstreymi vinnuafls

# 6 Grunn- og leikskólar

## 6.1 Fjárframlög til menntunar

Kostnaður við hvern nemanda í leikskólum er næstlægstur á Norðaustursvæði en kostnaður í grunnskólum er undir landsmeðaltali.

| Svæði | Leikskólar | Grunnskólar |
|---|---|---|
| **Höfuðborgarsvæði** | 1.140.000 | 1.074.000 |
| **Vestursvæði** | 970.000 | 1.128.000 |
| **Vestfjarðasvæði** | 1.016.000 | 1.173.000 |
| **Norðvestursvæði** | 860.000 | 1.237.000 |
| **Norðaustursvæði** | 966.000 | 1.121.000 |
| **Austursvæði** | 1.087.000 | 1.403.000 |
| **Suðursvæði** | 999.000 | 1.170.000 |
| **Suðurnes** | 1.077.000 | 980.000 |
| **Landsmeðaltal** | 1.014.375 | 1.160.750 |

Heimild: Árbók Sveitarfélaga 2009

## 6.2 Frammistaða í námi

### 6.2.1 Samræmd próf í 4. Bekk

Frammistaða nemenda á Norðaustursvæði er yfir meðallagi í íslensku en undir meðallagi í stærðfræði á árinu 2009.

Frammistaða á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk eftir landssvæðum 2009

| | **Íslenska** | | **Stærðfræði** | |
|---|---|---|---|---|
| | M. | Fj. | M. | Fj. |
| **Höfuðborgarsvæði** | 30,9 | 2411 | 30,5 | 2447 |
| **Vestursvæði** | 28,0 | 204 | 28,4 | 210 |
| **Vestfjarðasvæði** | 28,3 | 90 | 27,7 | 96 |
| **Norðvestursvæði** | 30,4 | 116 | 31,3 | 113 |
| **Norðaustursvæði** | 30,2 | 377 | 29,7 | 378 |
| **Austursvæði** | 30,0 | 143 | 30,9 | 140 |
| **Suðursvæði** | 29,2 | 336 | 29,4 | 344 |
| **Suðurnes** | 25,2 | 284 | 27,7 | 286 |
| **Samtals** | **30,0** | **3961** | **30,0** | **4014** |

M = meðalta, fj. = fjöldi.

Niðurstöður eru á normaldreifðum kvarða þar sem landsmeðaltal er 30 (samræmd grunnskólaeinkunn).

Heimild: Námsmatsstofnun

### 6.2.2 Samræmd könnunarpróf í 7. Bekk

Í 7. bekk er frammistaða nemenda á Norðaustursvæði samsvarandi landsmeðaltali í íslensku en undir í stærðfræði 2009.

Frammistaða á samræmdum könnunarprófum í 7. bekk eftir landssvæðum 2009.

| | Íslenska | | Stærðfræði | |
|---|---|---|---|---|
| | M. | Fj. | M. | Fj. |
| **Höfuðborgarsvæði** | 31,0 | 2.334 | 31,2 | 2.374 |
| **Vestursvæði** | 29,9 | 217 | 29,3 | 224 |
| **Vestfjarðasvæði** | 28,8 | 87 | 27,4 | 86 |
| **Norðvestursvæði** | 31,0 | 93 | 31,3 | 91 |
| **Norðaustursvæði** | 30,0 | 406 | 28,4 | 409 |
| **Austursvæði** | 29,6 | 138 | 28,2 | 141 |
| **Suðursvæði** | 27,6 | 359 | 28,0 | 358 |
| **Suðurnes** | 25,8 | 282 | 27,0 | 280 |
| ***Samtals*** | ***30,0*** | ***3.916*** | ***30,0*** | ***3.963*** |

M = meðalta, fj. = fjöldi.

Niðurstöður eru á normaldreifðum kvarða þar sem landsmeðaltal er 30 (samræmd grunnskólaeinkunn).

Heimild: Námsmatsstofnun

#### 6.2.2.1 Framfarir milli 4. og 7. Bekkjar

Þróun á árangri nemenda á Norðaustursvæði milli 4. og 7. bekkjar er jákvæðari en annars staðar á landsvísu.

Framfaratölur sem sýna stöðu nemenda milli 4. og 7. bekkjar**.**

| | Íslenska | | Stærðfræði | |
|---|---|---|---|---|
| | M. | Fj. | M. | Fj. |
| **Höfuðborgarsvæði** | 1,01 | 2121 | 1,01 | 2182 |
| **Vestursvæði** | 0,98 | 249 | 0,98 | 262 |
| **Vestfjarðasvæði** | 1,00 | 202 | 0,99 | 208 |
| **Norðvestursvæði** | 0,96 | 81 | 0,95 | 79 |
| **Norðaustursvæði** | 1,01 | 84 | 1,03 | 88 |
| **Austursvæði** | 0,99 | 372 | 0,99 | 391 |
| **Suðursvæði** | 0,98 | 135 | 0,98 | 136 |
| **Suðurnes** | 0,99 | 325 | 0,99 | 333 |
| ***Samtals*** | ***1,00*** | ***3569*** | ***1,00*** | ***3679*** |

M = meðalta, fj. = fjöldi.

Heimild: Námsmatsstofnun

### 6.2.3 Samræmd könnunarpróf í 10. Bekk

Árangur nemenda á Norðaustursvæði er undir landsmeðaltal í 10. bekk í þeim þremur námsgreinum sem gerð var könnun á 2009.

Frammistaða á samræmdum könnunarprófum í 10. bekk eftir landssvæðum 2009.

| | Íslenska | | Stærðfræði | | Enska | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | M. | Fj. | M. | Fj. | M. | Fj. |
| **Höfuðborgarsvæði** | 30,90 | 2.447 | 31,20 | 2.431 | 31,50 | 2.420 |
| **Vestursvæði** | 27,00 | 313 | 27,00 | 292 | 28,00 | 306 |
| **Vestfjarðasvæði** | 29,10 | 218 | 28,00 | 218 | 27,40 | 216 |
| **Norðvestursvæði** | 28,30 | 104 | 29,00 | 106 | 27,50 | 107 |
| **Norðaustursvæði** | 29,80 | 95 | 28,20 | 89 | 27,80 | 90 |
| **Austursvæði** | 30,40 | 420 | 30,40 | 420 | 29,20 | 414 |
| **Suðursvæði** | 29,40 | 116 | 27,70 | 114 | 28,10 | 114 |
| **Suðurnes** | 27,30 | 341 | 26,50 | 337 | 26,30 | 330 |
| ***Samtals*** | ***30,00*** | ***4.054*** | ***30,00*** | ***4.007*** | ***30,00*** | ***3.997*** |

M = meðalta, fj. = fjöldi.

Niðurstöður eru á normaldreifðum kvarða þar sem landsmeðaltal er 30 (samræmd grunnskólaeinkunn).

Heimild: Námsmatsstofnun

#### 6.2.3.1 Framfarir milli 7. og 10. Bekkjar

Nemendur á Norðaustursvæði ná meiri framförum milli mælinga í 7. og 10. bekk samanborið við landið í heild 2009.

Framfaratölur sem sýna stöðu nemenda milli 7. og 10. bekkjar 2009.

| | Íslenska | | Stærðfræði | |
|---|---|---|---|---|
| | M. | Fj. | M. | Fj. |
| **Höfuðborgarsvæði** | 1,00 | 2.279 | 1,00 | 2.290 |
| **Vestursvæði** | 0,99 | 289 | 0,98 | 269 |
| **Vestfjarðasvæði** | 1,01 | 202 | 1,00 | 205 |
| **Norðvestursvæði** | 1,00 | 100 | 1,01 | 100 |
| **Norðaustursvæði** | 1,01 | 89 | 1,01 | 86 |
| **Austursvæði** | 0,99 | 390 | 1,00 | 396 |
| **Suðursvæði** | 1,00 | 110 | 0,99 | 111 |
| **Suðurnes** | 0,99 | 315 | 0,98 | 319 |
| ***Samtals*** | ***1,00*** | ***3.774*** | ***1,00*** | ***3.776*** |

M = meðalta, fj. = fjöldi.

Heimild: Námsmatsstofnun

## 6.2.4 Frammistaða í námi 15 ára PISA könnun

Nemendur á Norðurlandi eystra eru yfir meðaltali í stærðfræði, en á meðaltali í lesskilningi og náttúrufræði batnar staðan í öllum mælingum milli 2003 og 2006.




(* = Marktæk lækkun frá fyrri mælingu við 95% öryggismörk)

*Mynd 6.1. Þróun lesskilnings, stærðfræðikunnáttu og náttúrufræðiþekkingar eftir landshlutum síðustu 6 árin.*




*Mynd 6.2. Þróun lesskilnings, stærðfræðikunnáttu og náttúrufræðiþekkingar eftir landshlutum, breyting í PISA stigum frá árinu 2000 (* = Marktæk breyting milli ára miðað við 95% öryggismörk).*

Heimild: Námsmatsstofnun

## 6.3 Lestrarkunnátta 9 ára barna (PIRLS 2006)

Lesskilningur 9 ára barna á Norðaustursvæði er samsvarandi landsmeðaltali 2006. Árangur er bestur á Norðvestursvæði en lakastur á Suðurnesjum.




Heimild: Námsmatsstofnun

## 6.4 Mat á líðan í skóla

Samkvæmt könnun sem gerð var 2006 mældist líðan grunnskólanema í heild á Norðaustursvæði þriðja best á landinu en talsvert undir landsmeðaltali. Líðan stráka á svæðinu var lakari en stúlkna samkvæmt mælingunni.

| | **Allir** | | **Strákar** | | **Stelpur** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Líðan í skólanum | | Líðan í skólanum | | Líðan í skólanum | |
| | Yfirleitt mjög eða frekar vel | Hvorki vel né illa, frekar illa eða mjög illa | Yfirleitt mjög eða frekar vel | Hvorki vel né illa, frekar illa eða mjög illa | Yfirleitt mjög eða frekar vel | Hvorki vel né illa, frekar illa eða mjög illa |
| Höfuðb.svæði | 77,95% | 22% | 78% | 22% | 82% | 18% |
| Vestursvæði | 78,00% | 22% | 78% | 22% | 78% | 22% |
| Vestfjarðasvæði | 68,10% | 32% | 65% | 35% | 71% | 29% |
| Norðvestursvæði | 67,80% | 32% | 65% | 35% | 71% | 29% |
| Norðaustursvæði | 75,70% | 24% | 74% | 26% | 77% | 23% |
| Austursvæði | 75,00% | 25% | 73% | 27% | 78% | 22% |
| Suðursvæði | 72,50% | 28% | 69% | 31% | 76% | 24% |
| Suðurnes | 72,80% | 27% | 67% | 33% | 79% | 21% |
| **Landsmeðaltal** | **77,30%** | **23%** | **75%** | **25%** | **80%** | **20%** |

Heimild: Heilsa og Lífskjör skólabarna 2006, Háskólinn á Akureyri, Þóroddur Bjarnason ofl.

## 6.5 Drykkja grunnskólanema

Í rannsókn sem gerð var 2006 var kannað hve oft ungmenni í 10. bekk hefðu neytt áfengis. Um 22% stráka í 10. bekk og tæplega 34% stelpna á Norðurlandi eystra svöruðu að þau hefðu orðið ölvuð á síðustu 12 mánuðum. Þetta er lægsta hlutfall á landsvísu.

**Ölvun síðastliðna 12 mánuði ---- Aðeins spurt í 10. bekk**

| | Strákar | | Stelpur | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Ölvun síðustu 12 mánuði | | Ölvun síðustu 12 mánuði | | |
| | Aldrei | Einu sinni eða oftar | Aldrei | Einu sinni eða oftar | Fjöldi |
| Landið í heild | 62,9% | 37,1% | 58,1% | 41,9% | 3773 |
| Reykjavík | 60,8% | 39,2% | 54,7% | 45,3% | 1239 |
| Nágrenni Reykjavíkur | 68,4% | 31,6% | 59,3% | 40,7% | 949 |
| Suðurnes | 65,1% | 34,9% | 62,6% | 37,4% | 213 |
| Vesturland | 64,9% | 35,1% | 58,3% | 41,7% | 217 |
| Vestfirðir | 46,7% | 53,3% | 61,5% | 38,5% | 97 |
| Norðurland vestra | 48,6% | 51,4% | 53,4% | 46,6% | 143 |
| Norðurland eystra | 78,4% | 21,6% | 65,5% | 34,5% | 433 |
| Austurland | 48,2% | 51,8% | 53,2% | 46,8% | 162 |
| Suðurland | 50,0% | 50,0% | 57,5% | 42,5% | 316 |

Heimild: Heilsa og Lífskjör skólabarna 2006, Háskólinn á Akureyri, Þóroddur Bjarnason ofl.

## 6.6 Reykingar grunnskólanema

6% nemenda í 10. bekk á Norðurlandi eystra reykja daglega miðað við könnun sem gerð var 2006. Það er næstlægsta hlutfallið á landinu.

| | Nemendur í 6. bekk | | Nemendur í 8. bekk | | Nemendur í 10. bekk | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Daglegar reykingar | | Daglegar reykingar | | Daglegar reykingar | | |
| | Reykja ekki eða sjaldnar en daglega | Reykja daglega | Reykja ekki eða sjaldnar en daglega | Reykja daglega | Reykja ekki eða sjaldnar en daglega | Reykja daglega | Fjöldi |
| Landið í heild | 99,7% | ,3% | 98,6% | 1,4% | 89,8% | 10,2% | 9532 |
| Reykjavík | 99,5% | ,5% | 97,8% | 2,2% | 85,5% | 14,5% | 3202 |
| Nágrenni Reykjavíkur | 99,8% | ,2% | 98,7% | 1,3% | 92,2% | 7,8% | 2434 |
| Suðurnes | 99,6% | ,4% | 98,5% | 1,5% | 84,0% | 16,0% | 654 |
| Vesturland | 100,0% | ,0% | 98,3% | 1,7% | 90,1% | 9,9% | 550 |
| Vestfirðir | 100,0% | ,0% | 99,1% | ,9% | 89,4% | 10,6% | 268 |
| Norðurland vestra | 100,0% | ,0% | 100,0% | ,0% | 97,1% | 2,9% | 303 |
| Norðurland eystra | 100,0% | ,0% | 99,5% | ,5% | 94,0% | 6,0% | 964 |
| Austurland | 99,2% | ,8% | 100,0% | ,0% | 90,0% | 10,0% | 358 |
| Suðurland | 100,0% | ,0% | 99,7% | ,3% | 93,5% | 6,5% | 791 |

Heimild: Heilsa og Lífskjör skólabarna 2006, Háskólinn á Akureyri, Þóroddur Bjarnason ofl.

# 7 Framhaldsskólar

Á Norðaustursvæði eru starfræktir fimm framhaldsskólar; Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum og nýstofnaður Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð. Í framhaldsskólanámi í þessum fimm skólum voru skráðir 2.850 nemendur 2009. Boðið er upp á nemendaíbúðir og/eða heimavist á Akureyri og Laugum.

Árið 2008 voru 2.072 nemar í framhaldsskóla skráðir með lögheimili á svæðinu. Alls voru 94% 16 ára unglinga á Norðurlandi eystra skráðir í framhaldsskóla. Við 19 ára aldur var hlutfallið 70% þannig að töluvert brottfall virðist vera til staðar. Höfuðborgarsvæðið, Vesturland og Vestfirðir eru með lítillega minna brottfall en önnur svæði er með töluvert meira brottfall. Ef litið er til kynjanna þá er greinilegt að konur eru líklegri til að ljúka framhaldsskóla þar sem 74% kvenna á Norðausturlandi eru enn í skóla við 19 ára aldur en 67% karla.

Samkvæmt fjárlögum 2010 fá framhaldsskólar á Norðaustursvæði 2.018 milljónir til ráðstöfunar sem er 12,5% af heildarfjármagni sem veitt er á fjárlögum til framhaldsskóla sem gerir um 919 þús. kr. á nemandaígildi á ári.

## 7.1 Fjárframlög til menntunar

| Svæði | Framhaldsskólar | Nemendaígildi | Kostn pr nemanda |
|---|---|---|---|
| **Höfuðborgarsvæði** | 10.012.000.000 | 13.062 | 766.498 |
| **Vestursvæði** | 890.000.000 | 876 | 1.015.982 |
| **Vestfjarðasvæði** | 308.200.000 | 321 | 960.125 |
| **Norðvestursvæði** | 350.400.000 | 572 | 612.587 |
| **Norðaustursvæði** | 2.018.100.000 | 2.197 | 918.571 |
| **Austursvæði** | 559.800.000 | 526 | 1.064.259 |
| **Suðursvæði** | 1.273.900.000 | 1.359 | 937.380 |
| **Suðurnes** | 692.000.000 | 880 | 786.364 |

Heimild: Fjárlög 2010 og Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Hafa ber í huga að fjárframlög til framhaldsskóla eru ákvörðuð með samræmdu reiknilíkani þar sem tillit er tekið til þátta eins og tegundar náms,hvaða búnað eða tæki þarf til ákveðins náms og hver möguleg bekkjarstærð er í tilteknum áföngum . Oft er verknám kostnaðarsamara en hefðbundið bóknám og einnig getur hlutfall kvöld- og fjarnáms haft áhrif. Þá getur húsnæðisfyrirkomulag skóla haft áhrif á fjárveitingu til þeirra. Því getur kostnaður per nemenda gefið meiri vísbendingu um tegund og samsetningu náms frekar heldur en um sé að ræða mælikvarða á hagkvæmni eða gæði náms.

## 7.2 Próf við 24 ára aldur

Af þeim sem hafa sótt framhaldsmenntun eftir grunnskóla, er hlutfall þeirra sem hefur lokið háskólaprófi við 24 ára aldur tæplega 20%, sem er næst hæsta hlutfall á landsvísu. Hvað varðar stúdentspróf þá er Norðaustursvæði vel yfir landsmeðaltali þar sem um 62% 24 ára gamalla íbúa sem hafa sótt sér stúdentspróf (miðað er við 1982 árganginn).




Heimild: Hagstofa Íslands

# 8 Háskólar

Á Norðaustursvæði er starfræktur einn háskóli, Háskólinn á Akureyri.

Við Háskólann á Akureyri eru þrjú svið; hug- og félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið og viðskipta- og raunvísindasvið.

- Undir hug- og félagsvísindasvið falla félagsvísindadeild, kennaradeild og lagadeild. Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri tilheyrir fræðasviðinu einnig.
- Heilbrigðisvísindasvið býður upp á grunnnám á hjúkrunarfræðibraut og iðjuþjálfunarbraut.
- Viðskipta- og raunvísindasvið byggir á grunni þriggja fræðasviða, þ.e. viðskiptafræða, auðlindafræða og tölvunarfræða. Sviðið skiptist í viðskiptadeild og auðlindadeild. Í viðskiptadeildinni er boðið upp á B.Sc. í viðskiptafræði og M.Sc. í viðskiptafræði. Í auðlindadeild er boðið er B.Sc. í sjávarútvegsfræði, líftækni og umhverfis- og orkufræði. Einnig er í boði hjá auðlindadeild M.Sc. í auðlindafræði.

Árið 2009 voru skráðir nemendur við skólann 1.496 þar af eru 93 í frumgreinadeild. Flestir eru nemendur í bachelornámi en 16,8 % nemenda eru í meistaranámi.

Rannsóknir eru einn af hornsteinunum í starfsemi Háskólans á Akureyri. Rannsóknarstarfið er fyrst og fremst í höndum akademískra starfsmanna og stjórnsýsla rannsókna er í höndum RHA - rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, sem hefur það hlutverk að efla rannsóknastarfsemi og styrkja tengsl háskólans við atvinnulífið. Til viðbótar eru starfræktar fjórar rannsóknastofnanir:

- Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri
- Skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri
- Sjávarútvegsmiðstöð
- Rannsóknasetur um stjórnun og alþjóðleg viðskipti

Heimild: www.unak.is

Þekkingarsetur Þingeyinga sem staðsett er á Húsavík er miðstöð símenntunar, háskólanáms og rannsókna í Þingeyjarsýslum. Þekkingarsetur Þingeyinga stendur fyrir námskeiðum og hefur milligöngu um nám í samstarfi við einstaklinga og atvinnulífið. Setrið rekur háskólanámssetur með þjónustu og vinnuaðstöðu fyrir háskólanema á svæðinu. Einnig er setrið miðstöð rannsókna á svæðinu, og hýsir til lengri og skemmri tíma fólk, stofnanir og fyrirtæki sem stunda rannsóknir í héraðinu. Þá er einnig rekið Menntasetur á Þórshöfn.

Heimild: www.hac.is

## 8.1 Fjárframlög til háskóla

| Svæði | Háskólar |
|---|---|
| **Höfuðborgarsvæði** | 12.519.000.000 |
| **Vestursvæði** | 852.000.000 |
| **Vestfjarðasvæði** | 0 |
| **Norðvestursvæði** | 253.000.000 |
| **Norðaustursvæði** | 1.364.000.000 |
| **Austursvæði** | 0 |
| **Suðursvæði** | 0 |
| **Suðurnes** | 0 |

Heimild: Fjárlög 2010

## 8.2 Fjöldi háskólanema eftir lögheimili 2008

| Svæði | Fjöldi |
|---|---|
| Höfuðb.svæði | 12.887 |
| Vestursvæði | 724 |
| Vestfirðir | 286 |
| Norðvestursvæði | 323 |
| Norðaustursvæði | 1.360 |
| Austursvæði | 453 |
| Suðursvæði | 889 |
| Suðurnes | 921 |

Heimild: Hagstofa Íslands

Nemendum í háskólanámi hefur fjölgað mikið á landsvísu en hlutfallslega er fjölgun á Norðaustursvæði sambærileg landsmeðaltali.

**Aukning skólasóknar (eftir lögheimili) á háskólastigi frá 2000 til 2008**




Heimild: Hagstofa Íslands

## 8.3 Brautskráðir á háskólastigi ISCED 5

Frá árinu 2000 hefur fjöldi þeirra sem útskrifast úr háskóla og eru með lögheimili á Norðausturlandi rúmlega tvöfaldast sem er í samræmi við þróun á landinu í heild. Árið 2008 fór fjöldi útskrifaðra úr háskóla með lögheimili á Norðausturlandi í 301. Athygli vekur fækkun milli síðustu tveggja ára.




Heimild: Hagstofa Íslands

## 8.4 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir háskóla

- Hlutfall fólks á aldrinum 25-64 ára í einhverju námi
- Tengsl milli menntunarstigs og launatekna.

# 9 Opinberar rannsóknir

RHA - Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri var stofnuð árið 1992 sem sjálfstæð eining innan Háskólans á Akureyri. RHA aflar sér tekna með rannsóknaverkefnum og ráðgjöf fyrir ýmsa aðila innanlands sem utan. Hlutverk RHA er að efla rannsóknastarfsemi við Háskólann á Akureyri og styrkja tengsl hans við atvinnulífið, þá skal RHA vinna að þróun nýrra verkefna innan HA og koma þeim í réttan farveg.

Auk þess að sinna rannsóknum veitir starfsfólk RHA ráðgjöf um framkvæmd rannsókna, spurningalistagerð og úrvinnslu bæði innan Háskólans sem utan.

Starfsemi RHA er einkum fjórþætt:

- Umsýsla og þjónusta við rannsóknir innan HA til að styrkja rannsóknir og auka fjármagn til þeirra úr samkeppnissjóðum.
- Vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA.
- Vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar stofnanir.
- Vera tengiliður HA við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir atvinnulífið og stuðla að þekkingaryfirfærslu.

Að jafnaði starfa 14-15 manns hjá RHA, þar af er unnið í 7 stöðugildum við rannsóknir. Verkefni RHA á sviði rannsóknaþjónustu fyrir háskólann hafa aukist og einnig hefur færst í vöxt að HA kjósi að vista tiltekin verkefni hjá RHA.

Sérfræðingar RHA hafa fjölbreyttan bakgrunn, bæði hvað varðar menntun og reynslu. Starfsmenn eru með menntun á sviði auðlindafræði, kennslufræði, upplýsingafræði, félagsfræði, landfræði, nútímafræði, þróunarfræði, náttúrufræði, viðskiptafræði, sjávarútvegsfræði, fiskifræði og hagfræði.

Víðtæk reynsla er t.d. úr ráðuneytum og stofnunum á vegum ríkisins, sveitastjórnarmálum, rannsóknum, kennslu, blaðamennsku og úr viðskiptalífi (m.a. bönkum, verslunum og fyrirtækjum tengdum sjávarútvegi).

Verkefni RHA eru fjölbreytt og eru bæði unnin innanlands sem og í samstarfi við erlendar rannsóknar- og háskólastofnanir. Á vef RHA er listi yfir rannsóknarverkefni sem unnin hafa verið á undanförnum árum.

RHA er staðsett í rannsókna- og nýsköpunarhúsinu Borgum á háskólasvæðinu á Sólborg sem skapar aðstæður fyrir fagleg tengsl við aðrar stofnanir sem starfa á svæðinu og háskólasamfélagið enda var eitt meginmarkmiðið með byggingu þessa húss að skapa slíkt umhverfi.

Heimild: www.RHA.is

## 9.1 Rannsóknaraðilar á Norðausturlandi

| | | |
|---|---|---|
| Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri | Þekkingarsetur Þingeyinga | Náttúrurannsóknastöð við Mývatn |
| Stofnun Vilhjálms Stefánssonar | Náttúrustofa Norðausturlands á Húsavík | Akureyrarakademían |
| Skjálftafélagið, jarðskjálftasetur á Kópaskeri | Þekkingar- og náttúrufræðisetur | Rannsókna- og fræðasetur HÍ á Norðausturlandi, Húsavík |

## 9.2 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir opinberar rannsóknir

- Fjárframlög opinbera aðila til rannsókna og þróunar
- Fjöldi rannsakenda sem hlutafall af fjölda vinnandi fólks

# 10 Nýsköpun í fyrirtækjum

**Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar** hefur það að markmiði að starfa í nánum tengslum við fyrirtæki og einstaklinga á svæðinu. Atvinnuþróunarfélagið vill stuðla að samstarfi eyfirska og erlendra fyrirtækja og kynna skipulega fyrirtækin á viðeigandi erlendum mörkuðum. Einnig að auka samvinnu fyrirtækja um hugmyndir sem fýsilegt er að tengja saman og markvisst fylgja eftir þeim verkefnum sem það kemur að á hugmyndastigi. Nauðsynlegt er að leita allra leiða til að vekja athygli á kostum Eyjafjarðarsvæðisins. AFE veitir aðstoð starfandi fyrirtækjum við kynningu utan starfssvæðis jafnt innanlands sem erlendis og að auka samvinnu við atvinnuþróunarfélög á Norðurlandi með samræmdum aðgerðum.

Meðal verkefna sem eru í vinnslu hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar eru:

- Koma upp nýrri hátækniverksmiðju í Krossanesi.
- Þjónusta við sveitastjórnir í verkefnum tengdum atvinnumálum
- Markaðssetja Eyjafjörð sem umskipunarhöfn fyrir stórskipasiglingar um norðurhöf.
- Umsjón með framkvæmd Vaxtarsamnings fyrir Eyjafjarðarsvæðið.
- Koma á beinum skipasiglingum milli Eyjafjarðar og Evrópu
- Útrás norðlenskra fyrirtækja
- Fjölga opinberum störfum á Eyjafjarðarsvæðinu.
- Þátttaka í samstarfsverkefnum innan starfsgreina til eflingar þeirra.
- Koma á alþjóðlegu flugi milli Akureyrar og Evrópu
- Laða að erlenda fjárfesta
- Kynna starfsemi félagsins fyrir hagsmunaaðilum

Meginhlutverk **Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga** er að styðja og efla atvinnulíf í Þingeyjarsýslum og stuðla þannig að jákvæðum búsetuskilyrðum og samfélagsþróun. Félagið er ráðgefandi í atvinnumálum og flestu því er varðar stofnun og rekstur fyrirtækja. Jafnframt er það hlutverk AÞ að aðstoða við upplýsingaleit (innanlands og erlendis), hagkvæmniathuganir, markaðs- og kynningarmál, vöruþróun og nýsköpun. Þá aðstoðar félagið við öflun styrkja og lánsfjár og gegnir upplýsingahlutverki um stoðkerfi atvinnulífsins.

Í samræmi við samstarfssamning Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og sveitarfélaga á svæðinu eru meginmarkmið eftirfarandi:

- Að stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs í Þingeyjarsýslum
- Að bæta almenn búsetuskilyrði á starfssvæði félagsins í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu og samtök þeirra
- Að skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttum stuðningsaðgerðum í þágu þeirra sem eru í atvinnurekstri, hyggja á atvinnurekstur eða tengjast þróun atvinnulífs.
- Að auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífinu með verkefnum og þjónustu, sem fela í sér hagnýtt gildi og er hvetjandi til athafna á sviði atvinnusköpunar.

## 10.1 Styrkir til nýsköpunar

**Norðursprotar** er verkefni sem er fjármagnað af samfélagssjóði Alcoa og unnið í samstarfi Alcoa, Háskólans á Akureyri og Impru á Nýsköpunarmiðstöð. Markmið Norðursprota er að styðja við nýsköpunarhugmyndir einstaklinga á Norðausturlandi, þ.e.a.s. á svæðinu frá Djúpavogi til og með Eyjafjarðar. Styrkir eru veittir til gerðar viðskiptaáætlunar, eða til frekari þróunar viðskiptaáætlunar, fyrir verkefni sem telja má nýsköpun á Norðausturlandi. Stuðningur við einstaklinga getur numið allt að 400 þús. kr. Verkefnið er hægt að vinna í samstarfi við starfandi fyrirtæki á Norðausturlandi.

Tilgangur verkefnisins

- Að hvetja til nýsköpunar í atvinnulífi á Norðausturlandi.
- Að styðja við einstaklinga í atvinnuleit sem búa yfir viðskiptahugmyndum og aðstoða þá við að hrinda þeim í framkvæmd.

- Að stuðla að faglegri vinnslu viðskiptahugmynda með arðsemi og kröfur markaðarins að leiðarljósi.
- Að hvetja atvinnuleitendur til að skapa sér ný atvinnutækifæri

Meðal annarra aðila sem veita styrki til nýsköpunar eru:

**Vaxtarsamningur Eyjafjarðar** nánar er fjallað um hann í 18. kafla.

**Vaxtarsamningur Norðausturlands** nánar er fjallað um hann í 18. kafla

**Framleiðnisjóður** auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar á árinu 2010. Forgangs njóta verkefni sem eru til þess fallin að auka framleiðni og arðsemi í landbúnaði.

**Norræna Atlantssamstarfið, NORA**, úthlutar verkefnastyrkjum tvisvar á ári. Nú er komið að fyrri úthlutun ársins 2010 og er umsóknarfrestur 8. mars 2010.

Landsbankinn á Húsavík auglýsir eftir umsóknum um 15 styrki til framfara og menningarmála á Húsavík og í nærsveitum.

Á vegum **Impru Nýsköpunarmiðstöðvar** er hægt að sækja um styrki í gegnum eftirfarandi verkefni:

**Átak til atvinnusköpunar** veitir styrki til smærri viðfangsefna og vegna snjallra nýsköpunarhugmynda frumkvöðla og lítilla fyrirtækja á öllu landinu.

**Framtak:** Styrkupphæð allt að kr.3.000.000. Styrkur til þróunar á þjónustu eða vöru í starfandi fyrirtækjum á landsbyggðinni.

**Skrefi framar**: Styrkupphæð allt að kr. 600.000. Styrkur til að kaupa á ráðgjöf til nýsköpunar og umbóta í rekstri fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni.

**Frumkvöðlastuðningur**: Styrkupphæð allt að kr. 600.000. Veitir frumkvöðlum og litlum fyrirtækjum á landsbyggðinni styrki til að þróa viðskiptahugmyndir.

**Klasar**: Styrkupphæð allt að kr.3.000.000. Veittir eru styrkir til undirbúnings að klasasamstarfi og til einstakra verkefna innan klasa á landsbyggðinni.

**Krásir**: Styrkupphæð allt að kr. 750.000. Verkefnið er fræðslu- og þróunarverkefni í svæðisbundinni matargerð fyrir fyrirtæki og einstaklinga á landsbyggðinni.

**Vaxtarsprotar** eru samstarfsverkefni Impru og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem hefur það að markmiði að hvetja til fjölbreyttrar atvinnusköpunar í sveitum.

**Starfsorka** er nýtt átaksverkefni með það markmið að auðvelda fyrirtækjum að ráða fólk í atvinnuleit. Verkefnið er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands

## 10.2 Nýsköpunarverkefnið „Átak til nýsköpunar“

Hér að neðan má sjá niðurstöðu úr könnun sem gerð var á vegum verkefnisins „Átak til nýsköpunar“. Hér eru svör flokkuð eftir nýju kjördæmaskipuninni.

### 10.2.1 Fjöldi styrkþega úr *Átaki til Nýsköpunar*

| | Fjöldi | Hlutfall af heild |
|---|---|---|
| Reykjavík | 61 | 43,0% |
| Norðvesturkjördæmi | 24 | 16,9% |
| Norðausturkjördæmi | 26 | 18,3% |
| Suðurkjördæmi | 10 | 7,0% |
| Suðvesturkjördæmi | 21 | 14,8% |
| **Samtals** | 142 | |

### 10.2.2

## 10.2.3 Tegund styrkþega

| | Einstaklingur Frum-kvöðull | Fyrirtæki | Opinber Aðili | Félaga-Samtök | Annað | Alls fjöldi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 29% | 46% | 3% | 6% | 17% | 35 |
| Norðvestur kjördæmi | 14% | 43% | 10% | 10% | 24% | 15 |
| Norðaustur kjördæmi | 19% | 50% | 6% | 13% | 13% | 6 |
| Suður-kjördæmi | 0% | 83% | 0% | 0% | 17% | 16 |
| Suðvestur kjördæmi | 40% | 33% | 0% | 13% | 13% | 21 |
| **Alls** | 22 | 43 | 4 | 8 | 16 | 93 |
| **Alls hlutfall** | 24% | 46% | 4% | 9% | 17% | 100% |

## 10.2.4 Ánægja með fjármögnun verkefnis

| | Mjög/frekar ánægður | Hvorki né | Mjög/frekar´ óánægður | Alls |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 60% | 17% | 23% | 35 |
| Norðvesturkjördæmi | 65% | 5% | 30% | 20 |
| Norðausturkjördæmi | 63% | 19% | 19% | 16 |
| Suðurkjördæmi | 83% | 17% | 0% | 6 |
| Suðvesturkjördæmi | 67% | 8% | 25% | 12 |

## 10.2.5 Hafa markmið varðandi nýjar afurðir eða vörur náðst?

| | Hefur þegar náðst | Innan þriggja ára | Eftir meira en þrjú ár | Fjöldi |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 74% | 26% | 0% | 27 |
| Norðvesturkjördæmi | 47% | 47% | 6% | 17 |
| Norðausturkjördæmi | 73% | 27% | 0% | 11 |
| Suðurkjördæmi | 0% | 100% | 0% | 5 |
| Suðvesturkjördæmi | 56% | 40% | 4% | 9 |

## 10.2.6 Hver hafa áhrif styrkveitingarinnar verið?

| | Fyrirtæki stofnað um verkefnið | Verkefnið er enn í þróun | Þróun lokið, afurð komin á markað | Verkefninu lokið en afurð hefur ekki farið á markað | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 26% | 21% | 44% | 9% | 34 |
| Norðvesturkjördæmi | 30% | 60% | 5% | 5% | 20 |
| Norðausturkjördæmi | 20% | 47% | 33% | 0% | 15 |
| Suðurkjördæmi | 0% | 83% | 17% | 0% | 6 |
| Suðvesturkjördæmi | 8% | 69% | 23% | 0% | 13 |

## 10.2.7 Hefur verkefnið leitt til aukinnar veltu einstaklings eða fyrirtækis?

| | Nei | Já | Alls |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 41% | 59% | 34 |
| Norðvesturkjördæmi | 58% | 42% | 19 |
| Norðausturkjördæmi | 38% | 62% | 13 |
| Suðurkjördæmi | 50% | 50% | 6 |
| Suðvesturkjördæmi | 50% | 50% | 14 |
| **Alls fjöldi** | 40 | 46 | 86 |
| **Alls hlutfall** | 47% | 53% | 100% |

### 10.2.8 Hefur verkefnið skapað störf?

| | Nei | Já | Alls |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 30% | 70% | 33 |
| Norðvesturkjördæmi | 50% | 50% | 20 |
| Norðausturkjördæmi | 38% | 63% | 16 |
| Suðurkjördæmi | 17% | 83% | 6 |
| Suðvesturkjördæmi | 67% | 33% | 12 |
| Alls fjöldi | 35 | 52 | 87 |
| Alls hlutfall | 40% | 60% | 100% |

Heimild: Símakönnun HÍ fyrir Impru nýsköpunarstöð Júní 2007

## 10.3 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir nýsköpun

- Hlutfall nýstofnaðra fyrirtækja
- Fjárfesting innlendra nýsköpunarfjárfesta

# 11 Frumkvöðlar

Sprotasetur VAXEY er með starfsstöð á Akureyri. Starfsemin er á skrifstofuhæð í miðbæ Akureyrar og fá aðilar bæði aðstöðu og þjónustu frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar auk aðstoðar við aðra fjármögnun. Á hæðinni eru fullbúnar skrifstofur með allri þjónustu svo sem ritaraþjónustu, þrifum, símsvörun, interneti, fundaraðstöðu, ljósritun og kaffi svo eitthvað sé nefnt. Þarna hafa einnig aðstöðu Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Vaxtarsamningur Eyjafjarðar og Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi.  Auglýst er eftir umsóknum um þátttöku í sprotasetrinu og er hægt að sækja um þátttöku í sex mánuði með möguleika á framlengingu að þeim tíma liðnum. Við val á þeim verkefnum sem til greina koma verður horft til annars verkefnavals Vaxtarsamningsins. Lögð verður áhersla á verkefni sem efla tengsl háskóla og atvinnulífs sem og verkefni sem miða að markaðssetningu og útrás. Við það er miðað að verkefnin efli nýsköpun á svæðinu og stuðli að vexti þess. Miðað er við að fólk geti komið inn um áramót en að hálfu ári loknu verður staðan endurmetin.

Impra nýsköpunarmiðstöð er með starfsstöð á Akureyri og Húsavík.

## 11.1 Tekjuþróun nýrra fyrirtækja

Í neðangreindri mynd má sjá hvernig meðaltekjur þróast hjá fyrirtækjum sem stofnuð voru árið 2005. Samkvæmt þessum gögnum virðast fyrirtæki á svæðinu fara fremur hægt af stað en hafa nokkuð jafnan og góðan vöxt í samburði við önnur landssvæði, aðeins höfuðborgarsvæðið og Austursvæði hafa meiri vöxt.




Heimild: Ríkisskattstjóri

## 11.2 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir frumkvöðla

- Fjöldi nýrra vara og/eða þjónustu sem skapast í verkefnum vaxtarsamnings
- Fjöldi nýrra vara/þjónustu sem komast í útflutning
- Fjöldi einkaleyfaveitinga á svæðinu

# 12 Virkni opinberrar þjónustu

Ekki eru fyrirliggjandi mælingar á virkni opinberrar þjónustu á Norðaustursvæði en æskilegt væri að mæla samkvæmt neðangreindum árangursvísum.

- Mat á frammistöðu landshlutaþjónustu
- Frammistaða Byggðastofnunar
- Frammistaða héraðssambanda
- Frammistaða vaxtarsamninga
- Frammistaða atvinnuþróunarfélaga
- Samsetning ríkisútgjalda (sérgreina stofnkostnað)
- Biðtími eftir hjúkrunarheimilisplássi

# 13 Ástand hagkerfisins

## 13.1 Afkoma sveitarfélaga á svæði

Afkoma sveitarfélaga per íbúa eftir svæðum - 2008




Heimild: Samband Sveitarfélaga

Á mynd 13.1 er sýnt hve háar tekjur sveitarfélaga á viðkomandi svæðum eru að meðaltali á íbúa. Einnig sýnir myndin rekstrargjöld (laun og annan rekstrarkostnað) fyrir sveitarfélögin. Samkvæmt þessari mynd eru tekjur og gjöld á hvern íbúa hæst í Norðaustursvæði. Tekjur umfram gjöld (mismunur) er mestur á Höfuðborgarsvæðinu og kostnaður á íbúa er lægstur á Höfuðborgarsvæðinu og Suðursvæði. Af fjárhæðum ársins 2008 skera Suðurnes sig úr með gjöld umfram tekjur.

## 13.2 Eignir og skuldir sveitarfélaga per íbúa, samtals fyrir svæði

Efnahagur sveitarfélaga per íbúa eftir svæðum 2008






Heimild: Samband sveitarfélaga

Í myndum hér að framan er dregin fram eigna- og skuldastaða sveitarfálaga á einstökum svæðum reiknuð á hvern íbúa. Annars vegar er sýnd staða sveitarsjóða en hins vegar samanlagðar eignir og skuldir sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra. Sé horft til efnahags í heild með fyrirtækjum sveitarfélaganna eru skuldir á hvern íbúa hæstar á Höfuðborgarsvæðinu en því næst á Austursvæði. Mest hrein eign (eignir umfram skuldir) er einnig á Höfuðborgarsvæðinu en Suðurnes koma fast á eftir.

## 13.3 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir ástand hagkerfisins

- Ráðstöfunartekjur eftir landshlutum
- Þróun hreinna gjaldeyristekna

# 14 Rekstur og árangur fyrirtækja

## 14.1 Verðmætasköpun atvinnugreina

Hér er sýnd verðmætasköpun eftir atvinnugreinum á Norðausturlandi en eingöngu er litið til þeirra fyrirtækja sem eru skráð með lögheimili á svæðinu.




Heimild: Ríkisskattstjóri

Myndir í kafla 14.1. sýna samanburð á verðmætasköpun milli áranna 2004 og 2008 fyrir Norðausturland. Það sést vel að undirstaða atvinnulífsins er matvælaframleiðsla, fiskveiðar en einnig er byggingaiðnaður sterkur. Hafa þarf í huga að erfitt er að bera tölurnar beint saman vegna breytinga á atvinnugreinaflokkun sem tók gildi 2008. Á árinu 2008 var neikvæð afkoma í fjármálastarfsemi upp á 9 milljarða króna.

## Verðmætasköpun fyrirtækja með lögheimili á  svæði 2008




Heimild:  Ríkisskattstjóri

## 14.2 Fjöldi gistinótta

Ef litið er til gistinótta á hótelum kemur í ljós að Norðurland nær aðeins litlum hluta af heildarfjölda gistinátta á hótelum landsins, en þó hefur lítils háttar aukning orðið frá árinu 2000 eins og landinu öllu en þó er hún hlutfallslega minnst á Norðurlandi.








Fjöldi gistinótta á farfuglaheimilum eftir landssvæðum
2000 og 2008
Höfuðborgarsvæði
Suðurnes, Vesturland, Vestfirðir
Norðurland vestra og eystra
Austurland
Suðurland
Landið allt
0
25.000
50.000
75.000
100.000
125.000
2000
2008




Fjöldi gistinótta á svefnpokagististöðum eftir landssvæðum
2000 og 2008
Höfuðborgarsvæði og Vesturland
Vestfirðir
Norðurland vestra
Norðurland eystra
Austurland
Suðurland
Landið allt
0
5.000
10.000
15.000
20.000
25.000
30.000
2000
2008




Heimild: Hagstofa Íslands

## 14.3 Sérstaða í ferðaþjónustu

Norðaustursvæði býr yfir mörgum helstu náttúruperlum landsins. Einnig er hlutdeild Akureyrar í komu farþegaskipa mikill. Áhugavert er að sjá niðurstöðu könnunar á vegum Ferðamálastofu þar sem í ljós kemur að langstærsti hluti landsmanna eða rúmlega 45% telja Norðurland mest spennandi til vetrarferða.




Heimild: Ferðamálastofa, Tölfræðibæklingur

# 15 Samgöngur og tækni

## 15.1 Fjarlægðir innan svæðis

Samkvæmt upplýsingum unnum af Vegagerð ríkisins er heildarumfang stofnbrauta innan Norðaustursvæðis um 780 km. að lengd.




Heimild: Vegagerð ríkisins

## 15.2 Hluti stofnbrauta malbikaðir

Samkvæmt neðangreindri mynd er um 79% stofnbrauta í Norðausturkjördæmi klæddar bundnu slitlagi. Upplýsingar þessar eru frá Vegagerð ríkisins.




Heimild:  Vegagerð ríksins

## 15.3 Hlutfall stofnbrauta yfir 200m og 400m hæð

Hlutfall fjallvega á Norðaustursvæði er næst hæst í samanburði við landshluta þar sem rúmlega 23% af stofnbrautum eru í yfir 200 metra hæð og en 1,4% stofnbrauta eru yfir 400m hæð.







Heimild: Vegagerð ríkisins

## 15.4 Fjöldi lokunardaga á ári

Þar sem mikið er um stofnbrautir í mikilli hæð er hætta á að loka þurfi lykilvegum vegna veðurs. Neðangreind tafla sýnir hlutfall lokunar á helstu leiðum á Norðaustursvæði.

| **Norðaustursvæði** | | **Leið lokuð, % af 365 dögum** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **2004** | **2005** | **2006** | **2007** | **2008** |
| 1 Hringvegur | Öxnadalsheiði | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% |
| 82 Ólafsfjarðarvegur | Dalvík–Ólafsfjörður | 2% | 1% | 1% | 1% | 1% |
| 82 Ólafsfjarðarvegur | Lágheiði | 28% | 30% | 19% | 16% | 20% |
| 867 Öxarfjarðarheiði | Öxarfjarðarheiði | 57% | 59% | 56% | 54% | 63% |

Heimild: Vegagerð ríkisins

## 15.5 Aðgengi íbúa að þráðbundnum og/eða þráðlausum háhraðanettengingum

Öll lögheimili á Norðaustursvæði eiga kost á háhraðanettengingum. Ýmist er um þráðbundnar og/eða þráðlausar tengingar að ræða.

Með þráðbundnum tengingum er fyrst og fremst tekið mið af aðgengi að ADSL yfir koparheimtaugar/símalínur. Nokkuð mörg lögheimili í stærstu þéttbýliskjörnum og einstaka lögheimili í dreifbýli eiga kost á ljósleiðaratengingu en kortlagning þeirra liggur ekki fyrir á þessari stundu og er hér aðallega miðað við aðgangi að ADSL. Hér er ekki er gerður greinarmunur á afköstum, gæðum eða þjónustuframboði mismunandi ADSL- eða ljósleiðaratenginga.

Með þráðlausum háhraðanettengingar er átt við að samband lögheimilis og sendistöðvar/sendis er þráðlaust yfir radíókerfi sem getur verið 3G-, WiMax-, WiFi- eða gervihnattarkerfi. Hér er ekki gerður greinarmunur á mismunandi afköstum, gæðum eða þjónustuframboði mismunandi radíótækni.

Á eftirfarandi myndum sést (1) aðgengi íbúa á Norðaustursvæði í dreifbýli og íbúakjörnum að þráðbundnum og/eða þráðlausum háhraðaaðgangskerfum í samanburði við (2) meðaltal fyrir landssvæðin utan höfuðborgarsvæðisins annars vegar og (3) meðaltal fyrir allt landið hins vegar.









## 15.6 Samkeppni milli háhraðaaðgangskerfa

Eftirfarandi er greining á fjölda háhraðaaðgangsneta sem lögheimili í dreifbýli og í íbúakjörnum á Norðaustursvæði hafa aðgang að. Fjöldi og útbreiðsla aðgangsneta gefur vísbendingu um valmöguleika íbúanna og þ.a.l. hvort um sé að ræða samkeppni milli aðgangsneta.

Á eftirfarandi myndum sést (1) aðgengi íbúa á Norðaustursvæði að einu eða fleiri háhraðaaðgangsnetum óháð því hvort um sé að ræða þráð- eða þráðlausar tengingar í samanburði við (2) meðaltal fyrir landssvæðin utan höfuðborgarsvæðisins annars vegar og (3) meðaltal fyrir allt landið hins vegar.









## 15.7 Ljósleiðarastofntengingar þéttbýlis/íbúakjarna við grunnnetið

Eftirfarandi er greining á því hvort íbúakjarnar á Norðaustursvæði séu eintengdir eða (tví)hringtengdir með ljósleiðara inn á ljósleiðaragrunnnetið. Íbúakjarnar eru hér flokkaðir eftir fjölda íbúa; færri en 100, 100-500, 500-2.000 og yfir 2.000. Íbúakjarnar geta ýmist verið án ljósleiðaratengingar við grunnnetið, tengdir með 1 ljósleiðara og þá oftast á varasambandi yfir örbylgju/kopar eða að þeir eru tengdir með 2 eða fleiri ljósleiðurum þá eftir sitt hvorri lagnaleiðinni svo að minna máli skiptir fyrir uppitíma og afköst fjarskiptaþjónustu í íbúakjarnanum þó að annar ljósleiðarinn bili tímabundið.

Á eftirfarandi myndum sést (1) aðgengi íbúakjarna á Norðaustursvæði að ljósleiðarastofntengingum við grunnnetið í samanburði við (2) meðaltal fyrir íbúakjarna utan höfuðborgarsvæðisins og (3) meðaltal fyrir allt landið.









## 15.8 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir samgöngur og tækni

- Mat á gæðum samgangna

# 16 Auðlindir

## 16.1 Skipting á veiðiheimildum

Aðilar á Norðausturlandi ráða yfir 15,6% af þorskígildiskvótaúthlutun eða um 40.829 tonnum sem er þriðja mesta hlutdeild á landsvísu á eftir Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.




Heimild: Fiskistofa




Heimild: Fiskistofa

Þegar horft er til bæði hlutdeildar Norðausturlands í samanburði þau svæði sem hafa mesta og minnsta hlutdeild í einstökum fiskitegundum má sjá að hlutfallslega er staða svæðisins sterkust í þorski og úthafsrækju.

## 16.2 Skipting greiðslumarks í sauðfé

Norðurland eystra er þriðja stærsta sauðfjárræktarsvæðið með um 16,8% af heildargreiðslumarki sem fer til aðila á svæðinu.

**Skipting greiðslumarks í sauðfjárafurðum eftir svæðum 2006**




Heimild: Bændasamtök Íslands

## 16.3 Skipting greiðslumarks í mjólk

Mjólkurframleiðsla á Norðurlandi eystra er næst mest á landsvísu eða um 25% af heildarframleiðslu.

**Greiðslumark mjólkur - skipting eftir svæðum 2010**




Heimild: Bændasamtök Íslands

## 16.4 Afkoma búa

Neðangreind tafla sýnir stærðir úr búreikningum búa eftir svæðum.

**Rekstraryfirlit eftir landshlutum, kúa- sauðfjár- og blönduð bú**

| | Meðaltal | Vesturland | Vestfirðir | Norðurland vestra | Norðurland eystra | Austurland | Suðurland |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi reikninga | 249 | 20 | 21 | 57 | 89 | 5 | 57 |
| Fjöldi mjólkurkúa | 26 | 26 | 6 | 22 | 30 | 23 | 32 |
| Fjöldi vetrarfóðraðra kinda | 178 | 217 | 264 | 224 | 131 | 182 | 161 |
| Innvegnir mjólkurlítrar | 132.232 | 139.562 | 27.381 | 118.885 | 146.983 | 109.582 | 160.589 |
| Innvegið kindakjöt kg. | 4.001 | 4.080 | 5.912 | 5.060 | 3.383 | 5.216 | 3.071 |
| Magn heys í FE | 184.799 | 198.909 | 107.595 | 161.674 | 190.927 | 160.008 | 223.985 |
| Fjöldi lamba til nytja | 255 | 313 | 394 | 338 | 180 | 235 | 221 |
| Stærð túna, ha | 46 | 51 | 33 | 49 | 42 | 46 | 54 |
| Mánaðarverk | 21 | 20 | 15 | 20 | 23 | 17 | 20 |
| Greiðslumark í lítrum mjólkur | 124.398 | 132.630 | 27.300 | 114.953 | 137.588 | 97.437 | 148.497 |
| Greiðslumark í kg kindakjöts | 2.882 | 1.949 | 5.138 | 3.179 | 2.056 | 3.007 | 3.360 |
| Búgreinatekjur | 17.730 | 18.035 | 8.514 | 17.480 | 18.434 | 14.233 | 20.474 |
| Aðrar tekjur af reglul. starfsemi | 641 | 906 | 294 | 527 | 443 | 427 | 1.117 |
| Breytilegur kostnaður | 6.897 | 7.643 | 2.668 | 7.196 | 6.721 | 5.132 | 8.324 |
| Framlegð | 11.473 | 11.299 | 6.139 | 10.811 | 12.156 | 9.529 | 13.267 |
| Hálffastur kostnaður | 5.288 | 5.665 | 2.768 | 5.082 | 5.744 | 5.117 | 5.593 |
| Afskriftir | 3.422 | 4.742 | 1.448 | 3.595 | 3.145 | 1.568 | 4.109 |
| Fjármagnsliðir | 20.123 | 21.688 | 7.387 | 22.635 | 17.559 | 11.634 | 26.503 |
| Óreglulegar tekjur | 353 | 235 | 272 | 541 | 376 | 240 | 211 |
| Hagn f. afskr. Fjárml og óreglul. Tekjur | 6.185 | 5.633 | 3.371 | 5.728 | 6.412 | 4.412 | 7.674 |
| Hagnaður/Tap | - 17.007 | - 20.562 | - 5.193 | - 19.961 | - 13.916 | - 8.550 | - 22.727 |
| Hagn/(tap) 0-búgreina | 70 | | 88 | 155 | 31 | | 68 |

| Hlutfall af heildartekjum | Meðaltal | Vesturland | Vestfirðir | Norðurland vestra | Norðurland eystra | Austurland | Suðurland |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Búgreinatekjur | 94 | 94 | 93 | 94 | 96 | 96 | 94 |
| Breytilegur kostnaður | 37 | 40 | 29 | 39 | 35 | 34 | 38 |
| Framlegð | 61 | 59 | 67 | 58 | 63 | 64 | 61 |
| Hálffastur kostn. | 28 | 30 | 30 | 27 | 30 | 34 | 26 |
| Afskriftir | 18 | 25 | 16 | 19 | 16 | 11 | 19 |
| Fjármagnsliðir | 107 | 113 | 81 | 121 | 91 | 78 | 121 |
| Óreglulegar tekjur | 2 | 1 | 3 | 3 | 2 | 2 | 1 |
| Hagnaður/tap | - 91 | - 107 | - 57 | - 107 | - 72 | - 57 | - 104 |

Heimild: Hagþjónusta Landbúnaðarins

## 16.5 Fjöldi gripa

Sauðfjár- og nautgriparækt eru stórar greinar auk þess sem Norðurland eystra er þriðja stærst í hænsnafjölda. Athygli vekur að það er einhver búskapur í öllum greinum.

**Fjöldi gripa eftir landssvæðum 2008**

| | Nautgripir | Mjólkurkýr | Kálfar og kvígur | Sauðfé alls | Ær | Hestar | Geitur | Svín | Hænur | Minkar | Refir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 1.470 | 473 | 841 | 4.395 | 3.421 | 9.273 | 14 | 1.835 | 120.281 | 3.102 | 2 |
| Suðurnes | | | | | | | | | | | |
| Vesturland | 8.835 | 3.442 | 5.214 | 76.977 | 60.791 | 9.721 | 179 | 644 | 421 | | |
| Vestfirðir | 2.385 | 884 | 1.474 | 47.620 | 37.787 | 930 | | | 147 | | |
| Norðurland-vestra | 10.343 | 3.620 | 6.384 | 101.549 | 79.974 | 19.087 | 91 | | 3.614 | 15.785 | 3 |
| Norðurland-eystra | 16.313 | 6.322 | 9.754 | 71.980 | 56.674 | 7.122 | 88 | 585 | 13.303 | 3.870 | 2 |
| Austurland | 3.904 | 1.367 | 2.494 | 74.387 | 58.286 | 2.933 | 44 | 12 | 6.500 | 4.940 | 105 |
| Suðurland | 25.420 | 9.396 | 15.560 | 78.848 | 61.598 | 26.578 | 33 | 1.142 | 37.591 | 14.260 | 4 |
| Samtals | 68.670 | 25.504 | 41.721 | 455.756 | 358.531 | 75.644 | 449 | 4.218 | 181.857 | 41.957 | 116 |

Heimild: Bændasamtök Íslands

## 16.6 Fjöldi bújarða eftir svæðum

Alls eru 1.116 jarðir á Norðurlandi eystra en um 28% þeirra eru í eyði sem virðist svipað hlutfall og víðast hvar á landinu.

**Skipting jarða í ábúð og eyðijarðir eftir landshlutum 2003**

| | Jarðir alls | Eyðijarðir | Ábúðarjarðir | Einbýlisjarðir | Tví- eða fleirbýlisjarðir |
|---|---|---|---|---|---|
| **Höfuðborgarsvæðið** | 230 | 92 | 138 | 126 | 12 |
| **Suðurnes** | 124 | 74 | 50 | 44 | 6 |
| **Vesturland** | 952 | 336 | 616 | 474 | 142 |
| **Vestfirðir** | 634 | 370 | 264 | 229 | 35 |
| **Norðurland-vestra** | 966 | 324 | 642 | 525 | 117 |
| **Norðurland-eystra** | 1.116 | 322 | 794 | 632 | 162 |
| **Austurland** | 807 | 308 | 499 | 428 | 72 |
| **Suðurland** | 1.621 | 419 | 1.202 | 1.004 | 199 |
| **Samtals** | **6.450** | **2.245** | **4.205** | **3.462** | **745** |

Heimild: Bændasamtök Íslands

## 16.7 Skipting landbúnaðarframleiðslu í %

Sú grein sem vegur þyngst hlutfallslega á Norðurlandi eystra er nautgriparækt, í öðru sæti eru svínaafurðir en í þriðja sauðfé. (m.v. stofn til búnaðargjalds).

**Landbúnaðarframleiðsla 2006**

| | Höfuðb. svæðið | Vesturland | Vestfirðir | Norðurland-vestra | Norðurland-eystra | Austurland | Suðurland | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Nautgripir** | 1,5 | 12,8 | 3 | 14,6 | 24,8 | 5,4 | 37,9 | **46,9** |
| **Sauðfé** | 0,7 | 16,6 | 11,8 | 21,3 | 16,7 | 17,5 | 15,5 | **22,1** |
| **Hestar** | 6 | 5,9 | 0 | 20,7 | 6,3 | 2,3 | 58,8 | **3,2** |
| **Svín** | 51,2 | 18,8 | 0 | 0 | 17,4 | 0,5 | 12,2 | **5,9** |
| **Fuglakjöt** | 26,8 | 8,3 | 0 | 3,6 | 0 | 1,6 | 59,8 | **4,2** |
| **Egg** | 80,1 | 0,9 | 0 | 2,4 | 6,4 | 1,2 | 9 | **2,8** |
| **Kartöflur** | 45 | 0,8 | 0 | 0 | 8,3 | 9,9 | 36 | **1,9** |
| **Gulrófur** | 0 | 0 | 0 | 0 | 5,2 | 10,2 | 84,5 | **0,3** |
| **og blóm** | 5,6 | 4,5 | 0,1 | 0,3 | 6,6 | 1,6 | 81,3 | **8,2** |
| **Grávara** | 7,9 | 0,2 | 0,1 | 40,1 | 12,5 | 11 | 28,3 | **2,1** |
| **Æðardúnn** | 5,6 | 20,6 | 41,9 | 9,2 | 12,7 | 8,6 | 1,3 | **0,7** |
| **Skógarafurðir** | 10,1 | 3,9 | 12,3 | 1,5 | 34 | 27,2 | 41,6 | **0,2** |
| **og annað** | 14,1 | 15 | 1,1 | 12,4 | 7,6 | 1,2 | 48,6 | **0,7** |
| **búgjalds** | 9,4 | 12 | 4,3 | 13,5 | 17,9 | 7,4 | 35,5 | **100** |

Heimild: Bændasamtök Íslans

## 16.8 Kornrækt – stærð kornakra og meðaluppskera árið 2007

Af meðfylgjandi mynd má árangur af kornrækt eftir svæðum.




**Mynd 4: Stærð kornakra og meðaluppskera á ha. eftir landssvæðum, árið 2007[3].**

Heimild: Kornrækt á Íslandi – Tækifæri til framtíðar. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

## 16.9 Skógarauðlindin

Talsverð nytjaskógastarfssemi er á Austursvæði og Suðursvæði en sú starfsemi er skemmra á veg komin á öðrum svæðum. Á Norðurausturlandi er Vaglaskógur sem er annar tveimur þekktustu þjóðskógum landsins.




Heimild: Umhverfi og auðlindir. Umhverfisráðuneytið

## 16.10 Möguleikar til orkuframleiðslu (vatnsorka, jarðvarmi)

### 16.10.1 Virkjanakostir vatnsorku




Heimild: Orkustofnun

Hér að neðan er sá hluti virkjunarkostanna sem fjallað var um í Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma listaðar með örstuttri grein fyrir tilhögun.

**Virkjanir í Skjálfandafljóti**: Virkjun niður í Bárðardal. Efst er virkjun með litlum miðlunarlónum við Fljótshaga og sunnan Fljótshnúks. Neðar virkjun frá lóni við Hrafnabjörg með frárennsli í Mjóadalsá. Ekki er hér gert ráð fyrir að nýta Íshólsvatn sem inntakslón eins og í fyrri áætlunum.

**Jökulsá á Fjöllum**: Virkjun frá miðlunarlóni norðan Krepputungu við Arnardal, með göngum í tveimur áföngum niður í Fljótsdal, þeim fyrri niður á Jökuldal. Í þessum áætlunum er gert ráð fyrir að tryggja visst lágmarksrennsli um Dettifoss. Aurburður er takmarkandi þáttur fyrir mögulegar útfærslur. Einnig hefur verið gerð áætlun um rennslisvirkjun, þar sem inntaksmiðlun takmarkast við að tryggja rekstraröryggi, m.a. vegna aurskolunar. Sú virkjun yrði um helmingi minni en fyrri hugmyndir gerðu ráð fyrir og dýrari á orkueiningu.

### 16.10.2 Aðrir mögulegir vatnsorkukostir

Í þessum hópi eru virkjanir yfirleitt á láglendi eða við hálendisbrún og flestar mun minni en þær sem teknar voru fyrir innan rammaáætlunar.

Mat á stærð og hagkvæmni er því marki brennt að leitast er við að hámarka nýtni rennslisorkunnar fremur en að leita að hagkvæmustu tilhögun. Ennfremur verðu að hafa í huga að þeir staðir voru eingöngu teknir með þar sem rennslisorka virtist geta orðið u.þ.b. 100 GWh/a eða meira.

**Virkjun úr Íshólsvatni:** Virkjun með veitu úr Mjóadalsá og um 5 m hækkun á yfirfallshæð í vatninu gæfi 60-70 GWh/a orku. Fremur óhagkvæm.

**Skjálfandafljót í Bárðardal og Kinn:** Rennslisorkustig (allt að 900 GWh/a). Nokkur þrep. Nánast ókannað, og líklega fremur ólíklegt.

**Hafralónsá og Sandá í Þistilfirði:** Virkjanir með veitum frá nálægum ám í Þistilfirði. Rennslisorkustig. Nánast ókannað.

## 16.10.3 Háhitasvæði




Heimild: Orkustofnun

Í þeim áfanga sem nú er lokið (sjá skýrslur Orkustofnunar og vísun á vef Rammaáætlunar http://www.os.is/page/rammi ) var fyrst og fremst lögð áhersla á svæði nærri byggð, en Torfajökull var einnig tekinn með. Í nokkrum tilfellum voru rannsóknir komnar á hönnunarstig með borunum og tilheyrandi og í sumum tilvikum er til vinnslusaga. Í öðrum tilfellum var forathugun lokið með mælingum sem menn ætla að gefi til kynna möguleg vinnslusvæði.

Þar sem ekki kemur endanlega í ljós fyrr en með vinnslureynslu hve mikils má vænta af hverju svæði var ákveðið að skipta háhitasvæðunum upp í vinnslueiningar sem hver um sig gæti hugsanlega skilað 120 MW raforkuvinnslu. Á öðrum svæðum er fylgt mati sem tekið var saman fyrir í skýrslu iðnaðarráðuneytisins Innlendar orkulindir til vinnslu raforku.

Í öðrum áfanga rammaáætlunar verður bætt við nokkrum nýjum svæðum og skiptingu hinna stærstu í undirsvæði breytt nokkuð í ljósi nýrrar vitneskju, sbr. önnur svæði hér að neðan.

**Helstu virkjunarkostir jarðhita**

**Námafjall**: Miðlungi stórt jarðhitasvæði við Mývatn. Þar fer nú þegar fram vinnsla til iðnaðar, upphitunar og raforkuframleiðslu. Virkjun (80-90 MW) hefur verið verkhönnuð miðað við að virkja í Bjarnarflagi.

**Krafla**: Í Kröflu fer nú þegar fram raforkuvinnsla (60 MW),og leyfi er fyrir allt að 120 MW vinnslu á því svæði sem nú er unnið úr. Önnur möguleg svæði eru suður af Leirhnjúki.

**Þeistareykir**: Nokkuð stórt háhitasvæði um 25 km suðaustur frá Húsavík. Rannsóknaboranir eru hafnar.

## 16.10.4 Önnur svæði (ekki bestu kostir)

Stærð háhitasvæða og útbreiðsla í eftirfarandi yfirliti byggist yfirleitt á útbreiðslu ummerkja á yfirborði. Þegar svæðin eru á grunnrannsóknarstigi er mat á afli svæðisins miðað við orku í bergi, þ.e. hversu stór virkjun gæti verið miðað við að nýta þá orku í 50 ár.

**Gjástykki**: Sigdalur norður af Kröflu, og í sama sprungukerfi og Krafla. Forathugun hafin.

**Fremrinámar**: Fremur lítið háhitasvæði í Ketildyngju, en greina má ummerki jarðhita á stóru svæði allt til Sellandafjalls. Svæðið gæti verið álíka og Námafjallssvæðið að orkugetu. Á grunnrannsóknarstigi. Þarna voru brennisteinsnámur á sínum tíma.

**Kverkfjöll**: Jarðhitasvæðið er talið vera miðlungi öflugt. Miðað við yfirborðsummerki er svæðið nánast allt undir jökli, í mikilli hæð og óaðgengilegt.

**Askja**: Samkvæmt ummerkjum á yfirborði er háhitasvæðið nánast allt innan öskjunnar.

**Öxarfjörður**: Svæðið hefur verið afmarkað á grundvelli yfirborðshita, ummyndunar og fyrst og fremst lágviðnáms (250 MW í 50 ár). Boranir benda til þess að svæðið standi ekki undir þessum væntingum.

## 16.11 Landaðir laxar

Norðurland eystra skilar tæplega 4.400 löxum.




Heimild: Veiðimálastofnun, Lax- og silungsveiðin 2008, Guðni Guðbergsson Júní 2009

## 16.12 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir auðlindir

- Veiddar gæsir
- Veiddar rjúpur

# 17 Menningarmál, söfn og félagsstörf

## 17.1 Söfn og menningarsetur

Alls eru 17 söfn starfrækt á Norðausturlandi og heimsóttu tæplega 109 þúsund manns þau á árinu 2006 og störfuðu 27 manns þar undir lok ársins en 72 yfir mesta anna tímann.

| **2006** | **Höfuðb.svæði** | **Vesturland** | **Vestfirðir** | **NV-land** | **NA-land** | **Austurland** | **Suðurland** | **Suðurnes** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Minja- og munasöfn, alls** | 627.381 | 74.517 | 44.903 | 62.705 | 108.644 | 72.478 | 183.803 | 87.330 | 1.261.761 |
| **Fjöldi safna** | 26 | 11 | 15 | 11 | 17 | 17 | 16 | 7 | 113 |
| **Meðalfjöldi gesta** | 24.130 | 6.774 | 2.994 | 5.700 | 6.391 | 4.263 | 11.488 | 12.476 | 11.166 |
| **Byggðasöfn** | 77.237 | 29.337 | 7.003 | 30.170 | 28.247 | 14.645 | 71.887 | 38.240 | 296.766 |
| **Fjöldi safna** | 3 | 5 | 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 3 | 26 |
| **Meðalfjöldi gesta** | 25.746 | 5.867 | 7.003 | 15.085 | 5.649 | 4.882 | 17.972 | 12.747 | 11.414 |
| **Söguminjasöfn** | 183.694 | 43.700 | 31.828 | 28.749 | 38.800 | 28.933 | 69.546 | 9.450 | 434.700 |
| **Fjöldi safna** | 10 | 5 | 12 | 7 | 8 | 10 | 9 | 1 | 62 |
| **Meðalfjöldi gesta** | 18.369 | 8.740 | 2.652 | 4.107 | 4.850 | 2.893 | 7.727 | 9.450 | 7.011 |
| **Listasöfn** | 349.435 | . | 5.000 | 2.500 | 20.148 | 700 | . | 29.640 | 407.423 |
| **Fjöldi safna** | 10 | . | 1 | 1 | 2 | 1 | | 1 | 16 |
| **Meðalfjöldi gesta** | 34.944 | | 5.000 | 2.500 | 10.074 | 700 | | 29.640 | 25.464 |
| **Náttúrusöfn** | 17.015 | 1.480 | 1.072 | 1.286 | 21.449 | 28.200 | 42.370 | 10.000 | 122.872 |
| **Fjöldi safna** | 3 | 1 | 1 | 1 | 2 | 3 | 3 | 2 | 16 |
| **Meðalfjöldi gesta** | 5.672 | 1.480 | 1.072 | 1.286 | 10.725 | 9.400 | 14.123 | 5.000 | 7.680 |
| **Fiskasöfn og dýragarðar** | 158.212 | . | . | 1.760 | . | . | 17.000 | . | 176.972 |
| **Fjöldi safna** | 1 | | | 2 | | | 1 | | 4 |
| **Meðalfjöldi gesta** | 158.212 | | | 880 | | | 17.000 | | 44.243 |
| **Söfn, setur, sýningar og garðar, alls** | 785.593 | 74.517 | 44.903 | 64.465 | 108.644 | 72.478 | 200.803 | 87.330 | 1.438.733 |
| **Fjöldi safna** | 27 | 11 | 15 | 13 | 17 | 17 | 17 | 7 | 124 |
| **Meðalfjöldi gesta** | 29.096 | 6.774 | 2.994 | 4.959 | 6.391 | 4.263 | 11.812 | 12.476 | 11.603 |
| | | | | | | | | | |
| **Starfsmenn** | | | | | | | | | |
| **Sumar** | 354 | 51 | 26 | 50 | 72 | 45 | 79 | 22 | 699 |
| **Árslok** | 254 | 28 | 9 | 18 | 27 | 20 | 20 | 15 | 391 |
| **Gestir pr. starfsmann** | | | | | | | | | |
| **Sumar** | 2.219 | 1.461 | 1.727 | 1.289 | 1.509 | 1.611 | 2.542 | 3.970 | 2.058 |
| **Árslok** | 3.093 | 2.661 | 4.989 | 3.581 | 4.024 | 3.624 | 10.040 | 5.822 | 3.680 |

Heimild: Hagstofa Íslands

## 17.2 Menningarsamningar

Menningarsamningur við Eyþing, samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum hefur verið í gildi frá árinu 2007. Samningurinn rann út í lok árs 2009 en unnið að endurnýjun hans.

Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf í Eyþingi og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í Eyþingi við slíkt starf í einn farveg. Jafnframt er með samningnum reynt að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsröðun verkefna og auka samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála í landshlutanum. Á samningstímanum hafa verið veittir styrkir til 185 verkefna að upphæð 69,6 milljónir.

## 17.3 Þátttaka unglinga í skipulögðu íþróttastarfi

Um 47% barna og unglinga á Norðurlandi eystra stunda íþróttir og er það nærri landsmeðaltali.




Heimild: Hagstofa Íslands

## 17.4 Aðrir æskilegir en ekki fyrirliggjandi árangursmælikvarðar fyrir menningarmál

- Störf við menningartengda starfsemi
- Fjöldi fræðslustarfa
- Þátttaka í menningarstarfi

# 18 Vaxtarsamningur

Á Norðaustursvæði eru í gangi tveir vaxtasamningar; Vaxtarsamningur Eyjafjarðar og Vaxtarsamningur Norðausturlands.

## 18.1 Vaxtarsamningur Eyjafjarðar

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hófst árið 2004 sem samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila um uppbyggingu atvinnulífs við Eyjafjörð. Unnið var samkvæmt kenningum um fyrirtækjaklasa þar sem fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög taka höndum saman um eflingu atvinnulífs. Lögð var áhersla á þær atvinnugreinar sem þegar voru sterkar í Eyjafirði og styðja þær enn frekar til að takast á við alþjóðlega samkeppni. Upphaflegi samningurinn rann sitt skeið á enda í árslok 2007 og höfðu þá mörg góð verkefni litið dagsins ljós til vitnis um góðan árangur.

Í ársbyrjun 2008 var svo undirritaður nýr Vaxtarsamningur sem gildir til ársloka 2010. Markmið samningsins er að efla nýsköpun atvinnulífsins á starfssvæði AFE og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins. Byggt var á góðu starfi eldri samnings, en ýmsar áherslubreytingar gerðar til að efla starfið enn frekar. Samningurinn er ekki lengur einskorðaður við ákveðnar atvinnugreinar, heldur opnaður þannig að aðilar úr öllum atvinnugreinum geta nú tekið þátt. Einnig var samningsforminu breytt þannig að Iðnaðarráðuneytið semur beint við AFE, en aðrir aðilar koma að starfinu á verkefnagrunni.

## 18.2 Vaxtarsamningur Norðausturlands

Vaxtarsamningur Norðausturlands var undirritaður á Húsavík, 8. janúar 2008 af Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra og Tryggvi Finnssyni, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. Þetta var sjötti vaxtarsamningurinn sem iðnaðarráðuneytið undirritar og jafnframt sá fyrsti fyrir Norðausturland (Þingeyjarsýslur). Samningurinn markar upphaf nýrrar kynslóðar vaxtarsamninga með því að hann er gerður við einn aðila, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf., og sér stjórn félagsins og heimamenn alfarið um framkvæmd hans.

Vaxtarsamningurinn er til þriggja ára og er framlag ríkisins, samtals um 90 milljónir króna. Starfssvæði Atvinnuþróunarfélagsins og vaxtarsamningsins nær frá Vaðlaheiði til Bakkafjarðar og er mikið að flatarmáli, en á svæðinu búa um 5000 manns. Vegna ólíkra staðhátta og atvinnuskilyrða er að því stefnt að skilgreina svæðisbundna klasa þar sem lögð verður áhersla að nýta styrkleika og styrkja veikar hliðar hvers svæðis um sig og hámarka þannig heildarstyrk landshlutans. Samstarf á milli svæða er lykilatriði í því sambandi.

Meðal verkefna sem unnið er að í atvinnuþróun á svæðinu og falla vel að umgjörð samningsins má nefna Þingeyska matarbúrið, Ferðamálaáætlun Norðausturlands, GEBRIS (nýsköpunarverkefni austan Jökulsár á Fjöllum) og Snjótöfraverkefnið í Mývatnssveit.

# 19 Fjárlög 2010 – Norðaustursvæði

## 19.1 Bein framlög til Norðaustursvæðis á fjárlögum 2010

Hér eru tilgreind bein fjárframlög að undanskildum sameiginlegum verkefnum s.s. almannatrygginga, vegagerðar. Alls nema bein framlög 14,2 milljörðum króna.

| Menntun | Ýmis fræðastörf | Sýslumenn | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | Ýmislegt |
|---|---|---|---|---|
| 4.140 mkr. | 129,1 mkr. | 707,3 mkr. | 9.725,4 mkr. | 201,8 mkr. |
| Háskólinn á Akureyri | Þekkingarsetur Þingeyinga | Sýslumaðurinn á Siglufirði | Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði | Síldarminjasafnið á Siglufirði |
| Háskólinn á Akureyri | Náttúrurannsóknastöð við Mývatn | Sýslumaðurinn á Akureyri | Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn | Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri |
| Menntaskólinn á Akureyri | Náttúrustofa Húsavík | Sýslumaðurinn á Húsavík | Dalbær Dalvík | Norðurlandsskógar |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | Stofnun Vilhjálms Stefánssonar | | Málefni fatlaðra Norðurlandi Eystra | Skáldahúsin Akureyri |
| Framhaldsskólinn á Laugum | Akureyrarakademían | | Sjálfsbjörg Akureyri | Hvalamiðstöðin Húsavík |
| Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð | Skjálftafélagið, jarðskjálftasetur á Kópaskeri | | Endurhæfing hjarta- og lungnasj. | Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi - efling jarðfræðirannsókna |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | Þekkingar- og náttúrufræðisetur í Ólafsfirði | | Sjúkrahúsið á Akureyri | Hraun í Öxnadal, menningarfélag |
| Framhaldsskólinn á Húsavík | | | Samningur við Akureyri um öldrunarþjónustu | Iðnaðarsafnið á Akureyri |
| Framhaldsskólinn á Laugum | | | Heilsugæslustöðin Dalvík | Safnasafnið |
| Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð | | | Akureyri heilsugæsla | Músík í Mývatnssveit |
| Símenntunarstöð Eyjafjarðar | | | Heilbrigðisstofnunin Siglufirði | Kiðagil skólabúðir |
| | | | Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri |
| | | | Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð | Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar |
| | | | Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | Urðarbrunnur menningarfélag |
| | | | Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, markaðsátak í | Akureyrarbær Landsmót UMFÍ |
| | | | | Eikarbáturinn Húni II |
| | | | | Fuglasafn Sigurgeirs |
| | | | | Gásir í Eyjafirði, lifandi miðaldakaupstaður |
| | | | | Heimskautagerðið á Raufarhöfn |
| | | | | Sumarbúðirnar Ástjörn, viðbygging |
| | | | | Svartárkot |
| | | | | Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar |
| | | | | Eyðing kerfils og varnir gegn útbreiðslu hans |
| | | | | Langanesbyggð, Standabúið |
| | | | | Aflið systursamtök Stígamóta á Norðurlandi |
| | | | | Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, markaðsátak í ferðamálum |

Heimild: Fjárlög 2010

## 19.2 Vegaáætlun stofnkostnaður grunnets

Fjármagn sem ætlað er til endurbóta á því sem kallað er grunnnet í vegaáætlun er sýnt í töflunni hér á eftir. Til samanburðar er sýn hver heildaráætlun til grunnnetsendurbóta er og hlutfall Norðaustursvæðis í því fjármagni:

**Vegaáætlun, úr skiptingu stofnframkvæmda 2007-2010**

| Verkefni á Norðaustursvæðis | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Hringvegur (Ólafsfjarðarveg-Vaðlaheiðargöng) | 10 | 125 | | 21 |
| Siglufjarðarvegur og Héðinsfjarðargöng | 1.759 | 2.072 | 2.060 | 2.060 |
| Ólafsfjarðarvegur | | | | 52 |
| Norðausturvegur, um Laxá-Raufarhafnarleið | 462 | 1.495 | 429 | 62 |
| Kísilvegur, Hólasandur-Geitafellsá | | 41 | 26 | |
| Hörárdalsvegur-Dagverðareyrarvegur | | 196 | | 41 |
| Eyjafjarðarbraut-Hólavegur-Veigastaðavegur | 86 | 37 | | 52 |
| Bárðadalsv. eystri - Illugastaðav.-Staðarbraut | | 74 | 158 | 144 |
| Bárðadalsvegur | | | | |
| Dettifossvegur-Hólsfjallavegur | 185 | 336 | 415 | 519 |
| Hólsfjalla | | | | |
| Langanesvegur | 11 | 26 | | |
| Grímseyjarferja | | 260 | 260 | |
| | 2.513 | 4.662 | 3.348 | 2.951 |
| **Samtals öll kjördæmi** | **9.539** | **21.704** | **25.326** | **21.617** |
| ***Hlutfall Norðaustursvæðis af heild*** | ***26%*** | ***21%*** | ***13%*** | ***14%*** |

*Fjárhæðir í millj. kr.*

**Ósamþykkt þingsályktunartillaga 2007-2018**

**Vegaátælun - stofnkostnaður grunnnets**

| Verkefni á Norðaustursvæði | 2007-2010 | 2011-2014 | 2015-2018 |
|---|---|---|---|
| Hringvegur um Akureyri | 30 | 0 | 70 |
| Jökulsá á Fjöllum | | 630 | |
| Snjóflóðavarnir á Ólafsfjarðarvegi | 50 | | |
| Norðausturvegur, um Skjálfandafljót að Tjörn | | 750 | 150 |
| Norðausturvegur, um Hófaskarð og til Raufarh. | 1.045 | 30 | |
| Kísilvegur | 65 | 300 | |
| Brýr NA-kjörd, rannsóknir og annað * 1/2 | 30 | 300 | 335 |
| | 1.220 | 2.010 | 555 |
| **Söluandvirði Símans** | | | |
| Norðausturvegur | 1.500 | | |
| | 1.500 | 0 | 0 |
| **Jarðgangaáætlun** | | | |
| Héðinsfjarðargöng | 7.712 | | |
| Vaðlaheiðargöng - áætlað | | | 4.400 |
| | 7.712 | 0 | 4.400 |
| **Samtals Norðaustursvæði** | **10.432** | **2.010** | **4.955** |
| **Heildaráætlun - Stofnkostnaður grunnnets** | **51.397** | **37.480** | **38.200** |
| ***Hlutfall Norðaustursvæðis í heild*** | ***20%*** | ***5%*** | ***13%*** |

*Fjárhæðir í millj. kr.*

Heimild: Vegagerð Ríkisins